

Ríkisendurskoðun

**FRAMKVÆMD FJÁRLAGA
ÁRIÐ 1994**

Mars 1995

Efnisyfirlit

	Bls.
INNGANGUR	7
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	9
1 LÁNSFJÁRÞÖRF OG AFKOMA RÍKISSJÓÐS	13
AFKOMA RÍKISSJÓÐS Í SAMANBURÐI VIÐ FJÁRHEIMILDIR	16
AFKOMA RÍKISSJÓÐS Á ÁRINU 1994 Í SAMANBURÐI VIÐ ÁRIÐ 1993	17
AFKOMUÞRÓUN RÍKISSJÓÐS FRÁ ÁRINU 1990	17
2 TEKJUR RÍKISSJÓÐS	21
TEKJUR Í SAMANBURÐIR VIÐ FJÁRLÖG OG FJÁRAUKALÖG	21
SAMANBURÐUR TEKNA VIÐ FYRRA ÁR	23
3 GJÖLD RÍKISSJÓÐS	27
FJÁRLÖG OG FJÁRHEIMILDIR	27
SAMANBURÐUR GJALDA VIÐ FJÁRLÖG	39
SAMANBURÐUR GJALDA VIÐ FJÁRHEIMILDIR.....	39
SAMANBURÐUR GJALDA VIÐ FYRRA ÁR.....	41
4 ÚTGJÖLD ALMANNATRYGGINGA OG ATVINNULEYSISTRYGGINGASJÓÐS	45
5 ÁRSVERK OG LAUNAKOSTNAÐUR RÍKISSJÓÐS	49
VIÐAUKI 1: Gjöld ríkissjóðs 1994 skv. fjárlögum og fjárheimildum - sundurliðun eftir ráðuneytum	49
VIÐAUKI 2: Sundurliðun á framlögum skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar	50
VIÐAUKI 3: Stofnanir sem fóru 5 milljónir króna eða meira fram úr fjárheimild árið 1994	52
VIÐAUKI 4: Stofnanir sem voru 5 milljónum króna eða meira undir fjárheimild árið 1994	54

Töflur

	Bls.
TAFLA 1. FJÁRSTREYMI RÍKISSJÓÐS	13
TAFLA 2. FJÁRSTREYMI RÍKISSJÓÐS, SUNDURLIÐUN.....	15
TAFLA 3. AFKOMA RÍKISSJÓÐS SAMANBORIÐ VIÐ FJÁRHEIMILD	16
TAFLA 4. AFKOMA RÍKISSJÓÐS SAMANBORIÐ VIÐ FYRRA ÁR	17
TAFLA 5. ÞRÓUN TEKNA RÍKISSJÓÐS	17
TAFLA 6. ÞRÓUN GJALDA RÍKISSJÓÐS.....	18
TAFLA 7. AFKOMUÞRÓUN RÍKISSJÓÐS	19
TAFLA 8. INNHEIMTAR TEKJUR RÍKISSJÓÐS 1994 Í SAMANB. VIÐ ÁÆTLUN	22
TAFLA 9. TEKJUR RÍKISSJÓÐS 1993 OG 1994	25
TAFLA 10. FÆRSLUR Á FJÁRLAGALIÐ „09-481 ÚTGJÖLD SKV. HEIMILDARÁKV.“	28
TAFLA 11. FJÁRVEITING TIL REKSTRARHAGRÆÐINGAR 1994	30
TAFLA 12. FÆRSLUR Á FJÁRLAGALIÐ „09-989 LAUNA- OG VERÐLAGSMÁL“	31
TAFLA 13. MILLIFÆRSLUR VEGNA LAUNABÓTA	31
TAFLA 14. FÆRSLUR Á FJÁRLAGALIÐ „09-990 RÍKISSTJÓRNARÁKVARÐANIR“	33
TAFLA 15. FÆRSLUR Á FJÁRLAGALIÐ „199 RÁÐSTÖFUNARFÉ“	34
TAFLA 16. SAFNLIÐIR Í FJÁRLÖGUM	34
TAFLA 17. SKERÐING FJÁRHEIMILDA HJÁ STOFNUNUM SAMGÖNGURÁÐUNEYTIS	35
TAFLA 18. HELSTU AUKAFJÁRVEITINGAR ÁRIÐ 1994	37
TAFLA 19. FLUTNINGUR FJÁRHEIMILDA MILLI ÁRA	38
TAFLA 20. FLUTTAR FJÁRHEIMILDIR SEM HLUTFALL AF STÖÐU Í ÁRSLOK	38
TAFLA 21. GJÖLD 1994 SAMANBORIÐ VIÐ FJÁRLÖG	39
TAFLA 22. GJÖLD 1994 EFTIR RÁÐUNEYTI SAMANBORIÐ VIÐ FJÁRHEIMILDIR	40
TAFLA 23. GJÖLD 1993 OG 1994 EFTIR TEGUNDUM	41
TAFLA 24. GJÖLD 1993 OG 1994 EFTIR RÁÐUNEYTI	42
TAFLA 25. ÚTGJÖLD VEGNA ALMANNATRYGGINGA	43
TAFLA 26. ÚTGJÖLD VEGNA LÍFEYRISTRÝGGINGA	44
TAFLA 27. ÚTGJÖLD VEGNA SJÚKRATRYGGINGA	44
TAFLA 28. ÚTGJÖLD VEGNA SLYSATRYGGINGA	45
TAFLA 29. ÚTGJÖLD VEGNA ATVINNULEYSISTRÝGGINGA	45
TAFLA 30. FJÁRMÖGNUN ATVINNULEYSISTRÝGGINGASJÓÐS	46
TAFLA 31. FJÖLDI ÁRSVERKA 1993 OG 1994	47
TAFLA 32. ÞRÓUN ÁRSVERKA FRÁ 1989	48

Inngangur

Samkvæmt 1. grein laga nr. 12/1986 um Ríkisendurskoðun ber stofnuninni að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Stofnunin gaf í ágúst sl. út skýrslu um framkvæmd fjárlaga fyrstu sex mánuði ársins 1994. Í þessari skýrslu er fjallað um framkvæmd fjárlaga til ársloka 1994.

Í skýrslunni er fyrst gerð grein fyrir lánsfjárförf og afkomu ríkissjóðs á árinu 1994. Í tengslum við þá umfjöllun er vikið að þróun tekna og gjalda ríkissjóðs frá árinu 1990. Í 2. kafla eru tekjur ríkissjóðs bornar saman við fjárlög, fjárheimildir svo og tekjur fyrra árs. Í 3. kafla er fjallað um gjöld ríkissjóðs á árinu. Í því sambandi eru tilgreindar breytingar sem urðu á fjárheimildum einstakra ráðuneyta og fjárlagaliða frá því fjárlög voru samþykkt. Einnig eru gjöld borin saman við fjárlög, fjárheimildir svo og gjöld fyrra árs. Í 4. kafla er fjallað um útgjöld almannatryggingakerfisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í 5. kafla er þróun ársverka og launakostnaðar ríkissjóðs á árinu 1994 rakin stuttlega.

Helstu niðurstöður

Lánsfjárförf og afkoma ríkissjóðs

- Hrein lánsfjárförf ríkissjóðs á árinu 1994 nam 14,8 milljörðum króna og jókst um 4,1 milljarð frá árinu áður. Aukin lánsfjárförf skýrist af lánveitingu til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Verg lánsfjárförf nam 30,5 milljörðum króna. Þetta er næstum tvöföldun frá árinu áður og skýrist af meiri afborgunum lána. Ríkissjóður tók að láni 30,5 milljarða króna á árinu 1994 en 18,0 milljarða árið 1993.
- Á árinu 1994 námu nýjar erlendar lántökur ríkissjóðs umfram afborganir af erlendum lánum 11,2 milljörðum króna. Til samanburðar námu erlendar lántökur 4,0 milljörðum króna árið 1993, 4,7 milljörðum árið 1992 og 6,1 milljarði árið 1991. Stjórnvöld töldu sig ekki fá lánsfé á nægjanlega hagstæðum kjörum á innlendum fjármagnsmarkaði og mættu því aukinni lánsfjárförf með erlendum lántökum.
- Tekjur ríkissjóðs á árinu námu 109,6 milljörðum króna, en útgjöld 117,0 milljörðum. Rekstrarafkoman var því neikvæð um 7,4 milljarða. Innheimtar tekjur voru því 2,8 milljörðum króna eða 2,7% hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Aftur á móti voru gjöld 2,8 milljörðum króna lægri en fjárheimildir ársins, eða sem nam 2,4%. Frávikin eru talsverð þegar haft er í huga að áætlanir voru hækkaðar og fjárheimildir auknar í árslok 1994 þegar upplýsingar um raunverulega greiðsluafkomu ársins lágu fyrir í öllum aðalatriðum. Þegar litið er til þess að fjárukalögum er ætlað að tryggja að formlegar heimildir Alþingis séu fyrir hendi vegna allra útgjalda ríkissjóðs áður en til þeirra er stofnað og að færa áætlanir um tekjur til samræmis við þær upplýsingar sem liggja fyrir um stöðu ríkisfjármála á árinu, mælir flest með því að fjárukalög séu afgreidd fyrir á árinu en gert var á síðasta ári.
- Afkoma ríkissjóðs 1994 batnaði miðað við árið áður um tæpa 2,3 milljarða króna. Í samanburði við árið 1993 jukust tekjur ríkissjóðs um 6,4 milljarða króna eða 6,2%. Gjöld hækkuðu hins vegar um 4,1 milljarð eða 3,7%. Að raungildi jukust tekjurnar um tæpa 3,7 milljarða króna, eða um 3,4%, en gjöldin um 2,2 milljarða króna eða 1,9%.

- Tekjur ríkissjóðs á árinu 1994 voru 1,4 milljarði króna hærri en þær hafa að meðaltali verið frá árinu 1990. Útgjöldin þetta ár voru hins vegar nánast þau sömu og þau voru að meðaltali á umræddu tímabili. Þannig má segja að bætt afkoma ríkissjóðs á árinu 1994 miðað við undanfarin ár skýrist einkum af meiri tekjum en síður því að útgjöldin í heild hafi dregist saman.

Tekjur ríkissjóðs

- Í fjárukalögum fyrir árið 1994 voru áætlaðar tekjur ríkissjóðs hækkaðar um 2,6 milljarða króna. Samtals gerðu fjárlög og fjárukalög því ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á árinu 1994 næmu 106,8 milljörðum króna. Nýlega var lagt fram á Alþingi annað fjárukalagafrumvarp fyrir árið 1994. Þar eru tekjur hækkaðar um 2,8 milljarða króna, þ.e. mismuninn á útkomu ársins og áður samþykktum fjárlögum og fjárukalögum. Í frumvarpinu eru þessi frávík ekki sérstaklega skýrð en sagt að þar valdi mestu „*nokkru hagstæðari efnahagsframvinda en áætlanir spáðu fyrir um.*“ Það vekur hins vegar athygli að fyrri fjárukalögum, sem lögð voru fram í byrjun október, var ekki breytt miðað við upplýsingar um væntanlegar tekjur ríkissjóðs, sem lágu fyrir um miðjan desember. Þá var fjárlaganefnd upplýst um að tekjur ríkissjóðs stefndu í 109 milljarða króna eða 5 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga. Þannig var greiðsluafkoma ríkissjóðs sýnd verri en hún í raun var á þeim tíma sem fjárukalögin voru samþykkt.

Gjöld ríkissjóðs

- Í fjárlögum fyrir árið 1994 var gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á árinu næmu liðlega 113,8 milljörðum króna. Með fjárukalögum fyrir árið 1994, sem samþykkt voru 22. desember sl., var fjárheimild ársins hækkuð um ríflega 6,0 milljarða króna. Fjárheimild í árslok nam því samanlagt 119,8 milljörðum króna.
- Útgjöld ríkissjóðs á árinu 1994 námu 117,0 milljörðum króna og var ónýtt fjárheimild ársins þannig 2,8 milljarðar króna. Greiðslur stofnana umfram fjárheimild námu 0,8 milljörðum, en greiðslur innan fjárheimildar voru hins vegar 3,6 milljarðar. Öll ráðuneytin nema eitt voru í heild innan fjárheimildar á árinu. Frávikið hjá því ráðuneyti sem fór fram úr fjárheimild var óverulegt.
- Á árinu 1994 var um 81 milljón króna ráðstafað sérstaklega til verkefna sem stuðla eiga að rekstrarhagræðingu hjá stofnunum ríkisins. Þessi

verkefni fólust m.a. í úttektum á rekstri stofnana, kaupum á hugbúnaði, biðlaunum o.fl. Þegar þessum verkefnum er lokið er full ástæða til að kanna hvort þessi tilhögun á sparnaðaraðgerðum hafi skilað árangri og hvaða sparnaður hefur náðst í kjölfar þeirra.

- Hjá hverju ráðuneyti er færður sérstakur fjárlagaliður „199 Ráðstöfunarfé“ sem viðkomandi ráðherra er heimilt að ráðstafa vegna óvæntra útgjalda. Í fjárlögum fyrir árið 1994 voru samtals veittar tæpar 84 milljónir króna á þessa liði. Beiðnum til fjármálaráðuneytis um ráðstöfun þessara fjárheimilda fylgja yfirleitt ekki upplýsingar um til hvaða verkefna nota eigi viðkomandi fjárveitingu. Í ljósi þess að hér er um að ræða fjárveitingu til ófyrirséðra verkefna, sem ekki verður áætlað fyrir við fjárlagagerðina, er eðlilegt að viðkomandi ráðuneyti rökstyðji nauðsyn fjárveitinga af þessum liðum þegar farið er fram á millifærslu af þeim.
- Hjá nokkrum ráðuneytum eru færðir sérstakir fjárlagaliðir (safnliðir) vegna óskipts rekstrar-, viðhalds- og stofnkostnaðar stofnana sem undir þessi ráðuneyti heyra. Það er misjafnt hvort kostnaður er bókaður beint á safnliðina eða fjárheimildir millifærðar á stofnanir. Almennt verður að telja æskilegt að allur kostnaður sem tengist starfsemi tiltekinnar stofnunar sé bókfærður á hana þannig að rétt mynd fái af kostnaði við rekstur hennar. Jafnfram verður þá að millifæra fjárheimild af safnlið og á viðkomandi stofnun.

Útgjöld vegna almannatrygginga og Atvinnuleysistryggingasjóðs

- Útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga á árinu 1994 námu 26,7 milljörðum króna sem er 301 milljón króna raunhækkun frá árinu 1993. Fjárlög ársins gerðu ráð fyrir að framlög vegna lífeyristrygginga yrðu svo til óbreytt að raungildi en þau jukust í reynd um 2,0% eða um 319 milljónir króna. Þá gerðu fjárlög ráð fyrir að framlög vegna sjúkratrygginga lækkuðu um 640 milljónir króna, en í reynd varð um 100 milljónir króna raunhækkun á þessum lið. Útgjöld vegna slysatrygginga lækkuðu hins vegar um 121 milljón króna.
- Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1994 námu 3,7 milljörðum króna sem er 461 milljón króna raunhækkun frá árinu 1993 eða sem nemur 14,3%. Atvinnuleysisbætur jukust um 240 milljónir króna. Þá greiddi sjóðurinn 353 milljónir króna vegna átaksverkefna sem er um 236 milljóna króna raunhækkun frá árinu 1993. Sveitarfélögin greiddu hins vegar tæpar 580 milljónir króna til sjóðsins.

Ársverk og launakostnaður ríkissjóðs

- Ársverkum hjá stofnunum í A-hluta fjárlaga, sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launavinnslu fyrir, fjölgaði um 287 eða 1,6% á árinu 1994, samanborið við árið áður. Launagjöld stofnana í A-hluta námu 29,7 milljörðum króna á árinu 1994 en um 28,5 milljörðum króna árið á undan. Raunhækkun launakostnaðar nemur um 740 milljónum króna eða 2,5%. Launahækkunir vegna nýrra kjarasamninga á árinu 1994 kostuðu ríkissjóð rúmar 300 milljónir króna.

1 Lánsfjárför og afkoma ríkissjóðs

Hrein lánsfjárför ríkissjóðs á árinu 1994 nam 14,8 milljörðum króna en var 10,7 milljarðar króna árið 1993. Verg lánsfjárför nam hins vegar 30,5 milljörðum króna, samanborið við 16,6 milljarða króna árið 1993, þar sem ríkissjóður greiddi þá mun lægri afborganir af lánum. Lántökur á árinu 1994 námu 30,5 milljörðum króna en voru 18,0 milljarðar árið 1993.

Tafla 1. Fjárstreymi ríkissjóðs
janúar til desember

<i>Í m. kr.</i>	<i>Greitt</i> <i>1994</i>	<i>Fjárh.</i> <i>1994</i>	<i>Greitt</i> <i>1993</i>
Tekjur umfram gjöld	-7.384	-13.040	-9.643
Lánveitingar	-16.109	-13.320	-6.153
Stofnframlög og hlutafé	-158	-500	-410
Viðskiptareikningar	2.248	-1.000	226
Innheimtar afborganir	6.632	5.100	5.282
	Hrein lánsfjárför	-14.771	-22.760
Afborganir lána	-15.729	-15.900	-5.900
	Verg lánsfjárför	-30.500	-38.660
Lántökur	30.458	38.750	18.034
Breyting á handbæru fé	-42	90	1.436

Lánveitingar ríkissjóðs hækkuðu um tæplega 10 milljarða króna á árinu 1994 miðað við árið á undan. Það skýrist einkum af lánveitingu ríkissjóðs til Húsnaðisstofnunar ríkisins þar sem stofnunin náði ekki að afla lánsfjár á innlendum lánamarkaði með kjörum sem samrýmdust vaxtastefnu stjórnvalda. Lánveiting til Húsnaðisstofnunar nam röskum 7,2 milljörðum króna en þar af voru 700 milljónir króna vegna fyrirgreiðslu á árinu 1993. Á móti aukinni lánsfjárför ríkissjóðs af þessum sökum vegur að fjárför vegna rekstrarhalla lækkaði um 2,3 milljarða króna á árinu 1994.

Greiddar afborganir af lánum ríkissjóðs hækkuðu um 9,8 milljarða króna á árinu 1994 miðað við árið áður. Þessi aukning lá fyrir þegar fjárlög vegna ársins voru sett og stafar af uppgreiðslu á erlendu láni að fjárhæð um 7,5 milljarðar króna og aukinni innlausn á spariskírteinum.

Útborganir umfram innborganir á viðskiptareikningum námu 2,2 milljörðum króna en voru áætlaðar 500 milljónir króna í fjárlögum. Frávikið skýrist af ýmsum uppgjörsmálum sem ekki komu fram í fjárlögunum og má í því sambandi nefna eftirfarandi:

- Þegar ríkissjóður seldi hlutabréf sín í SR-mjöli árið 1993 var söluandvirðið, 725 milljónir króna, fært til eignar á viðskiptareikningi þar til kaupendur hefðu staðfest kaupsamninginn. Þessi krafa var færð út af viðskiptareikningi árið 1994.
- Framlag til Húsnæðisstofnunar á árinu 1993, að fjárhæð 700 milljónir króna, var viðskiptafært á því ári en síðan breytt í langtímalán á árinu 1994.
- Á árinu 1993 keypti ríkissjóður verðbréf fyrir 250 milljónir króna af Atvinnuleysistryggingasjóði. Þar sem sjóðurinn afhenti bréfin ekki fyrr en á árinu 1994, eignfærði ríkissjóður kröfu vegna þessa á viðskiptareikning.
- Á árinu 1993 var bókfærð krafa á Lánasýslu ríkisins vegna óuppgerðrar sölu á ríkisbréfum að fjárhæð 331 milljón króna, en gengið var frá uppgjöri vegna hennar í byrjun árs 1994.
- Innborganir vegna uppgjöra við Reykjavíkurborg og Sinfóníuhljóm-sveit Íslands námu 245 milljónum króna.

Að því er varðar lántökur ríkissjóðs á árinu 1994 eru þær breytingar helstar að mun minna seldist af ríkisbréfum og ríkisvixlum en áður. Þegar leið á árið hækkaði ávöxtunarkrafa fjárfesta sem keypt hafa þessi bréf meira en stjórnvöld gátu sætt sig við og var því kauptilboðum í bréfin hafnað og síðar hætt við frekari sölu á þeim.

Ástæða er til að vekja athygli á auknum erlendum lántökum ríkissjóðs á árinu 1994. Stjórnvöld litu svo á að lánskjör, sem stóðu til boða á innlendum lánamarkaði, voru ekki nógu hagstæð, og mættu því aukinni lánsfjárförf með erlendum lántökum. Á árinu 1994 námu nýjar erlendar lántökur umfram afborganir af erlendum lánum 11,2 milljörðum króna. Til samanburðar námu slíkar lántökur 4,0 milljörðum króna árið 1993, 4,7 milljörðum árið 1992 og 6,1 milljarði árið 1991.

Í eftirfarandi greiðsluyfirliti er tilgreindur sem uppruni fjármagns sérstakur liður vegna niðurfelldra lána að fjárhæð 1.870 milljónir króna. Ríkissjóður felldi niður kröfur sem hann átti á Atvinnuþryggingadeild Byggðastofnunar og var þar annars vegar um að ræða yfirtöku á 1.032 milljóna króna skuldbindingu í tengslum við stofnun Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og hins vegar 838 milljónir króna vegna iðnaðar- og fiskeldishluta Atvinnuþryggingardeildarinnar. Sama fjárhæð er sýnd sem ráðstöfun fjármagns í yfirlitinu.

Tafla 2. Fjárstreymi ríkissjóðs, sundurliðun
janúar til desember

<i>Í m.kr.</i>	<i>Greitt 1994</i>	<i>Heimild 1994</i>	<i>Frávik</i>	<i>Greitt 1993</i>	<i>Breyt. 94/93</i>
<i>Uppruni:</i>					
<i>Lántökur:</i>					
Seld spariskírteini	9.409	9.200	209	8.082	1.327
Ríkisbréf og -vixlar	441	4.200	-3.759	4.719	-4.278
Önnur innlend fjáröflun	134	0	134	25	109
Erlendar lántökur	20.474	25.350	-4.876	5.203	15.271
	30.458	38.750	-8.292	18.029	12.429
Aðrar lántökur	0	0	0	2.687	-2.687
Lántökur alls	30.458	38.750	-8.292	20.716	9.742
Fengnar afborganir	6.632	5.100	1.532	5.649	983
Niðurfelld lán	1.870	1.870	0	0	1.870
Uppruni alls	38.960	45.720	-6.760	26.365	12.595
<i>Ráðstöfun:</i>					
Til rekstrar	7.384	13.040	-5.656	9.643	-2.259
Greiddar afborganir	15.729	15.900	-171	5.900	9.829
Lánveitingar	16.109	13.320	2.789	6.153	9.956
Hluta- og stofnfjárframl.	158	500	-342	410	-252
Viðskiptareikningar	-2.248	1.000	-3.248	-230	-2.018
	37.132	43.760	-6.628	21.876	15.256
Utan greiðsluhreyfinga	1.870	1.870	0	3.053	-1.183
Ráðstöfun alls	39.002	45.630	-6.628	24.929	14.073
Breyting á handbæru fé	-42	90	-132	1.436	-1.478

Afkoma ríkissjóðs í samanburði við fjárheimildir

Samkvæmt greiðsluuppgjöri ríkissjóðs fyrir árið 1994 námu tekjur 109,6 milljörðum króna, en gjöld 117,0 milljörðum. Afkoma ríkissjóðs var því neikvæð um 7,4 milljarða króna á árinu. Hallinn hafði aftur á móti verið áætlaður 13,0 milljarðar króna í fjárukalögum.

Innheimtar tekjur urðu hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Frávikið nemur 2,8 milljörðum króna eða 2,7%. Aftur á móti voru gjöld 2,8 milljörðum króna lægri en fjárheimildir ársins, eða sem nam 2,4%. Frávikið í tekjuáætlun ársins er nokkru meira en árið 1993 en þá voru tekjur vanmetnar um 1,6 milljarð króna. Frávik í gjöldum er hins vegar svipað og árið áður.

Tafla 3. Afkoma ríkissjóðs samanborið við fjárheimild
janúar til desember

<i>Í m.kr.</i>	<i>Greitt 1994</i>	<i>Heimild 1994</i>	<i>Frávik</i>	<i>%</i>
Tekjur	109.602	106.765	2.837	2,7
Gjöld	116.986	119.805	-2.818	-2,4
	-7.384	-13.040	5.656	-43,4

Frávikin á milli raunverulegrar útkomu og áætlana á árinu 1994 eru talsverð, ekki síst í ljósi þess að þegar Alþingi hækkaði tekjuáætlun og útgjaldaheimildir ársins með samþykkt fjárukalaga þann 28. desember sl., lágu í öllum aðalatriðum fyrir upplýsingar um raunverulega greiðsluafkomu ársins. Skýringa á þessu er sjálfsagt m.a. að leita í framgangsmáta við afgreiðslu fjárukalaga. Frumvarp til fjárukalaga var lagt fyrir Alþingi þegar það kom saman í október í fyrra, en svo virðist sem ýmsar af upphaflegum forsendum frumvarpsins hafi síðan ekki verið endurmetnar á meðan það var í meðförum þingsins. Þegar litið er til þess að fjárukalögum er ætlað að tryggja að formlegar heimildir Alþingis séu til staðar vegna allra útgjalda ríkissjóðs áður en til þeirra er stofnað, jafnframt því að færa áætlanir um tekjur til samræmis við þær upplýsingar sem liggja fyrir um stöðu ríkisfjármála á árinu, mælir flest með því að fjárukalög séu afgreidd fyrr á árinu en gert var á síðasta ári.

Afkoma ríkissjóðs á árinu 1994 í samanburði við árið 1993

Í samanburði við árið 1993 jukust tekjur ríkissjóðs um 6,4 milljarða króna, eða 6,2%. Gjöld hækkuðu hins vegar um 4,1 milljarð, eða 3,7%. Afkoma ríkissjóðs 1994 batnaði því miðað við fyrra ár um tæpa 2,3 milljarða króna. Tekjur jukust um tæpa 3,7 milljarða króna á föstu verðlagi, eða 3,4%, en gjöld um 2,2 milljarða, eða 1,9%.

Tafla 4. Afkoma ríkissjóðs samanborið við fyrra ár
janúar til desember

<i>Í m.kr.</i>	<i>Greitt 1994</i>	<i>Greitt 1993</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>	<i>Fram- reiknað</i>	<i>Raun- breyt.</i>	<i>%</i>
Tekjur	109.602	103.220	6.382	6,2	105.951	3.651	3,4
Gjöld	116.986	112.863	4.124	3,7	114.804	2.182	1,9
	-7.384	-9.643	2.259	-23,4	-8.853	1.469	-16,6

Afkomuþróun ríkissjóðs frá árinu 1990

Það er athyglisvert að skoða þróun tekna og gjalda ríkissjóðs á undanförunum árum. Séu tekjur færðar á verðlag ársins 1994¹ kemur í ljós að þær jukust úr 108,3 milljörðum króna á árinu 1990 í 109,6 milljarða króna á árinu 1994. Tekjur ríkissjóðs námu að meðaltali 108,2 milljörðum króna á tímabilinu og hafa ekki vikið mikið frá þeirri fjárhæð ef árið 1993 er undanskilið. Tekjusamdráttinn sem þá varð má rekja til þess að ríkissjóður bætti sveitarfélögum tekjumissinn þegar aðstöðugjald var lagt niður. Tekjuskattar einstaklinga sem voru hækkaðir til að veða upp á móti þessu skiluðu lægri fjárhæð en nam greiðslum ríkissjóðs til sveitarfélaganna. Þá hafði minni velta í hagkerfinu einnig áhrif til lækkunar á tekjum ríkissjóðs. Árið 1994 jukust hins vegar tekjurnar. Þær námu þá 109,6 milljörðum króna sem er rúmum 3,7 milljörðum króna meira en árið 1993 og 1,4 milljarði króna hærra en meðaltal síðustu fimm ára. Breytinguna má einkum rekja til hækkunar skattstofna samfara efnahagsbata. Samsetningin á tekjum ríkissjóðs hefur einnig breyst. T.d. hafa beinir skattar einstaklinga, launa- og tryggingagjöld og bifreiðagjöld hækkað á meðan tekjur af innflutnings- og vörugjöldum og virðisauka-skatti hafa lækkað.

Tafla 5. Þróun tekna ríkissjóðs

¹ Miðað við verðvísitölu vergrar landsframleiðslu.

Í m.kr. á verðlagi 1994	1990	1991	1992	1993	1994	Meðalt.
Beinir skattar einstaklinga	16.019	16.389	16.243	15.627	18.394	16.534
Beinir skattar fyrirtækja	4.700	4.581	5.126	5.201	4.772	4.876
Innflutnings- og vörugjöld	9.784	10.298	8.606	7.891	7.994	8.915
Virðisaukaskattur	43.436	42.405	41.947	41.529	40.899	42.043
Hagnaður ÁTVR	6.934	7.062	6.758	6.307	6.600	6.732
Launa- og tryggingagjöld	8.582	9.939	10.048	10.216	10.503	9.857
Bifreiðagjöld	6.408	6.971	7.379	7.703	8.231	7.339
Aðrir skattar	5.025	4.142	4.466	4.138	4.276	4.409
Vaxtatekjur	4.797	4.297	4.414	4.533	4.720	4.552
Arður, sala eigna o.fl.	2.599	2.725	3.648	2.705	3.213	2.978
Tekjur samtals	108.284	108.808	108.635	105.851	109.602	108.236

Árleg útgjöld ríkissjóðs á árunum 1990 til 1994 námu að meðaltali tæpum 117,0 milljörðum króna á verðlagi ársins 1994. Í því sambandi ber þó að hafa hugfast að eitt þessara ára, þ.e. 1991, var fremur afbrigðilegt í þessu tilliti, enda útgjöldin það ár 122,5 milljarðar króna. Þegar horft er á árið 1994 í samanburði við meðalútgjöld tímabilsins í heild sést að launakostnaður ríkisins hefur t.d. aukist um 741 milljón króna, vextir um 726 milljónir og útgjöld til almannatrygginga um 698 milljónir. Á móti hefur dregið umtalsvert úr öðrum kostnaði, og má þar einkum nefna framlög til landbúnaðar.

Tafla 6. Þróun gjalda ríkissjóðs

Í m. kr. á verðlagi 1994	1990	1991	1992	1993	1994	Meðalt.
Laun	34.617	36.755	36.430	36.894	37.100	36.359
Önnur rekstrarútgjöld	15.122	14.428	15.240	15.564	15.075	15.086
Sértekjur	-6.020	-5.008	-7.162	-6.973	-6.800	-6.393
Tilfærslur, almtrygg.	28.915	30.412	30.364	29.752	30.733	30.035
Tilfærslur, aðrar	17.477	18.693	18.198	14.438	14.387	16.639
Vextir	9.691	10.750	8.765	9.980	10.704	9.978
Viðhald	2.766	2.490	2.668	3.448	3.412	2.957
Stofnkostnaður	10.923	13.932	11.651	12.637	12.375	12.304
Gjöld samtals	113.491	122.453	116.154	115.740	116.986	116.965

Þrátt fyrir að tekjur ríkissjóðs væru heldur hærri á árinu 1994 en þær hafa að meðaltali verið frá árinu 1990, voru útgjöldin þetta ár nánast þau sömu og þau voru að meðaltali á umræddu tímabili. Þannig má segja að bætt afkoma ríkissjóðs á árinu 1994 miðað við undanfarin ár skýrist einkum af meiri tekjum en síður því að dregið hafi úr heildarútgjöldum.

Rétt er að taka það fram að umfjöllunin hér að ofan miðast við tekjur og gjöld á greiðslugrunni. Niðurstöður eru aðrar ef horft er til afkomunnar á rekstrargrunni eins og gert er í ríkisreikningi.

Tafla 7. Afkomuþróun ríkissjóðs

Í m.kr. á verðlagi 1994	1990	1991	1992	1993	1994	Meðalt.
Tekjur	108.284	108.808	108.635	105.851	109.602	108.236
Gjöld	113.491	122.453	116.154	115.740	116.986	116.965
Afkoma	-5.207	-13.644	-7.519	-9.889	-7.384	-8.729

2 Tekjur ríkissjóðs

Tekjur í samanburðir við fjárlög og fjárukalög

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á árinu yrðu 103,5 milljarðar króna eða því sem næst óbreyttar frá árinu 1993 þegar innheimtar tekjur voru 103,2 milljarðar króna. Í frumvarpinu fólust umfangsmiklar skattabreytingar. Sú viðamesta var lækkun virðisaukaskatts á matvælum úr 24% í 14,5% og var sú breyting talin skerða tekjur ríkissjóðs um 2,5 milljarða króna.

Í meðförum Alþingis hækkaði tekjuáætlun frumvarpsins um rúmar 600 milljónir króna. Þannig var gert ráð fyrir að breyttar þjóðhagsforsendur ykju tekjur ríkissjóðs um 300 milljónir króna, aukin fjáröflun til vegargerðar, innheimtuáhrif o.fl. ykju tekjurnar um 530 milljónir króna, en breytt áform í skattamálum lækkuðu tekjurnar aftur á móti um 190 milljónir króna. Niðurstaða fjárlaga varð því 104,1 milljarður króna.

Helstu breytingar frá frumvarpi til fjárlaga voru að tekju- og eignarskattar hækkuðu um 800 milljónir króna sem skýrist að meginhluta af hækkun á tekjuskatti einstaklinga um 0,35 prósentustig, en á móti var fallið frá sérstöku 0,5% tryggingagjaldi á einstaklinga. Tekjur af innflutnings og vörugjöldum lækkuðu um 1.100 milljónir króna, sem skýrist af 300 milljón króna lækkun vörugjalds af bensíni vegna verðlækkunar á heimsmarkaði, breytingar á vörugjöldum af sælgæti og gosdrykkjum í tengslum við lækkun virðisaukaskatts minnkuðu tekjur um 1.000 milljónir króna, en á móti vegur að hækkun vörugjalds af nokkrum vörutegundum auk breikkunar gjaldstofns var talin auka tekjur ríkissjóðs um 200 milljónir króna.

Áætluð innheimta virðisaukaskatts hækkaði um 865 milljónir króna frá frumvarpi. Helstu ástæður þessarar hækkunar voru að hætt var við að lækka virðisaukaskatt á sælgæti og gosdrykki, og ekki varð af fyrirhugaðri álagningu 14% virðisaukaskatts á fólksflutninga sem koma átti til framkvæmda í byrjun árs 1994. Bifreiðagjöld voru hækkuð um þriðjung og áttu að skila um 450 milljónum króna í viðbótartekjur. Þá var bensíngjald og þungaskattur hækkaður um 5% sem talið var að skilaði

335 milljónum króna, en þessari fjárhæð átti að verja í aukin framlög til vegagerðar. Loks lækkuðu aðrar tekjur um 100 milljónir króna, aðallega vegna minni vaxtatekna vegna lækkunar dráttarvaxta.

Í fjárukalögum nr. 143/1994 voru áætlaðar tekjur ríkissjóðs hækkaðar um 2,6 milljarða króna. Í greinargerð frumvarpsins, sem lagt var fyrir þingið 10. október, er hækkunin skýrð á þann veg að 2,5 milljarða króna megi rekja til veltuáhrifa vegna bættrar afkomu þjóðarbúsins þar sem talið væri að landsframleiðsla ykist um 2% í stað þess að dragast saman um 2% og ráðstöfunartekjur ykjust um 1,7% en lækkuðu ekki um 1,3% eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum. Betri afkoma fyrirtækja, bætt skattskil o.fl. hækkuðu tekjur ríkissjóðs um 1,0 milljarð króna. Á móti vegur lækkun tekna af vörugjöldum af bensíni og bifreiðum og minni eignasala sem nemur 900 milljónum króna.

Fjárlög og fjárukalög nr. 143/1994 gerðu því ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á árinu 1994 næmu 106,8 milljörðum króna. Innheimtar tekjur námu hins vegar 109,6 milljörðum króna sem er 2,8 milljörðum króna hærri fjárhæð en áætlað var.

Nýlega var lagt fram á Alþingi annað fjárukalagafrumvarp fyrir árið 1994 (uppgjörsfjárukalög). Þar eru tekjur ríkissjóðs hækkaðar um 2,8 milljarða króna, þ.e. um mismuninn á útkomu ársins og áður samþykktum fjárlögum og fjárukalögum. Eins og neðangreind tafla ber með sér eru það aðallega launa- og veltuskattar sem breytast frá fyrri fjárukalögum. Í frumvarpinu er þetta frávik ekki sérstaklega skýrt en sagt að þar valdi mestu „*nokkru hagstæðari efnahagsframvinda en áætlanir spáðu fyrir um*“, en vísað að öðru leyti til skýrslu fjármálaráðherra um ríkisfjármál á árinu 1994.

Frumvarp að fjárukalögum var lagt fram í október sl. og var það samþykkt sem lög í lok desember. Það vekur athygli að frumvarpinu var ekki breytt miðað við upplýsingar um væntanlegar tekjur ríkissjóðs, sem lágu fyrir um miðjan desember. Þá var fjárlaganefnd upplýst um að tekjur ríkissjóðs gætu orðið 109 milljarðar króna, eða 5 milljarðar króna umfram áætlun fjárlaga. Þannig var greiðsluafkoma ríkissjóðs sýnd verri en hún í raun var á þeim tíma sem fjárukalögin voru samþykkt.

Tafla 8. Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1994 í samanb. við áætlun
janúar til desember

<i>Í m. kr.</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Fjár- aukal.</i>	<i>Samt.</i>	<i>Innheimt</i>	<i>Frávik</i>	<i>%</i>
Eignarskattar	3.300	78	3.378	3.562	184	5,4
Tekjusk. einstaklinga, nettó	14.980	20	15.000	15.871	871	5,5
Tekjuskattur félaga	2.650	775	3.425	3.291	-134	-3,9
Gjald í Framkv.sjóð aldraðra	415	25	440	442	2	0,5
Beinir skattar	21.345	898	22.243	23.166	923	4,1
Aðflutningsgjöld	1.200	190	1.390	1.418	28	2,0
ýmis gjöld af innflutningi	348	-31	317	302	-15	-4,7
Tekjur af sölu erl. gjaldeyris	206	4	210	220	10	4,8
Vörugjöld	10.711	-427	10.284	10.566	282	2,7
Virðisaukaskattur	38.815	1.185	40.000	40.919	919	2,3
Skattar af orku	85	0	85	95	10	10,5
Skattar af einkasöluvörum	6.377	230	6.607	6.607	0	0,0
Sérstakir skattar af þjónustu	82	-8	74	76	2	2,7
Aðrir skattar af þjónustu	859	100	959	963	4	0,4
Skattar af launagreiðslum	10.220	180	10.400	10.503	103	1,0
Aðrir óbeinir skattar	6.473	221	6.694	6.834	140	2,1
Óbeinir skattar	75.376	1.644	77.020	78.503	1483	1,9
Sala eigna	500	-400	100	73	-27	-27,0
Sala eigna	500	-400	100	73	-27	-27,0
Vaxtatekjur	4.000	400	4.400	4.721	321	7,3
Arðgreiðslur	2.600	77	2.677	2.767	90	3,4
Fjármunatekjur	6.600	477	7.077	7.489	412	5,8
Ýmsar tekjur	325	0	325	371	46	14,2
Aðrar tekjur	325	0	325	371	46	14,2
Tekjur samtals	104.146	2.619	106.765	109.602	2.837	2,7

Helstu skýringar á ofangreindum frávikum er að finna í frumvarpi til fjárukalaga og skýrslu fjármálaráðherra um ríkisfjármálin árið 1994 og er ekki þörf á að endurtaka þær hér.

Samanburður tekna við fyrra ár

Á árinu 1994 hækkuðu tekjur ríkissjóðs um 6,4 milljarða króna frá árinu 1993, eða um 6,2%. Þannig hækkuðu beinir skattar um 2,9 milljarða, óbeinir skattar um 2,7 milljarða króna og fjármunatekjur hækkuðu um 0,8 milljarð króna. Að raungildi jukust tekjur um tæpa 3,7 milljarða króna eða um 3,4%.

Af beinum sköttum hækkaði tekjuskattur einstaklinga mest, eða um 3,1 milljarð króna. Á árinu 1993 var tekjuskattur einstaklinga hækkaður um 1,5 prósentustig til að mæta niðurfellingu á aðstöðugjaldi lögaðila og síðan lækkaður aftur á árinu 1994, en á móti féll niður greiðsla til sveitarfélaganna sem nam rúmum 4 milljörðum króna á árinu 1993. Á því ári greiddi ríkissjóður um 600 milljónum króna meira en hann innheimti vegna niðurfellingarinnar.

Síðar var ákveðið að hækka skatthlutfallið um 0,35 prósentustig og er talið að sú breyting hafi aukið tekjur ríkissjóðs um 600 milljónir króna. Þá komu til framkvæmda breytingar á vaxtabótakerfinu sem ákveðnar voru á árinu 1992 og voru vaxtabætur rúmum 470 milljónum króna lægri en þær voru á árinu 1993. Þá hafa launagreiðslur aukist um 2,1% á milli ára skv. upplýsingum úr staðgreiðslukerfinu og hefur það skilað ríkissjóði auknum tekjum.

Tekjuskattur félaga var nánast óbreyttur á milli ára þrátt fyrir lækkun skatthlutfalls úr 39% í 33%. Þetta skýrist af betri afkomu fyrirtækja. Lækkun á eignarskatti skýrist hins vegar af niðurfellingu skatts af skrifstofu- og verslunarhúsnæði í ársbyrjun 1994.

Innflutnings- og vörugjöld hækkuðu um 365 milljónir króna á milli áranna 1993 og 1994. Ýmsar breytingar sem gerðar voru á þessum gjöldum á árinu 1993 og á árinu 1994 gera allan samanburð milli ára erfiðan. Vörugjald af innlendri framleiðslu lækkaði um 800 milljónir. Hins vegar hækkuðu gjöld af bensíni um 900 milljónir króna og gjöld af ökutækjum um rúmar 350 milljónir króna.

Þrátt fyrir lækkun virðisaukaskatts á matvælum úr 24,5% í 14% hækkuðu tekjur af þessum skatti um rúmar 400 milljónir króna á milli áranna 1993 og 1994. Þannig hækkaði virðisaukaskattur af innfluttum vörum um tæpan 1,4 milljarð á milli ára, en virðisaukaskattur af innlendri veltu lækkaði um tæpar 780 milljónir króna. Þá hækkuðu endurgreiðslur um 164 milljónir króna. Þar vekur mesta athygli hækkun á endurgreiðslu til sveitarfélaga um 286 milljónir króna eða um 38,3%, en á móti vegur m.a. lækkun á endurgreiðslum vegna matvæla um 265 milljónir króna.

Tryggingagjald hækkaði um 541 milljónir króna eða um 5,4%. Þessa hækkun má m.a. rekja til hækkunar gjaldsins um 0,35 prósentustig og þess að á árinu 1993 var tímabundið endurgreitt tryggingagjald til útflutningsgreina og nam sú endurgreiðsla 327 milljónum króna.

Bifreiðaskattar hækkuðu um 653 milljónir króna á milli ára, eða um 20%. Þessa hækkun má helst rekja til hækkuna bifreiðagjalds um þriðjung á árinu 1994 og nemur hækkun gjaldsins 429 milljónum króna á milli ára.

Tafla 9. Tekjur ríkissjóðs 1993 og 1994
janúar til desember

<i>Í m. kr.</i>	1994	1993	Breyt.	%
Tekjuskattur einstaklinga	15.954	12.832	3.122	24,3
Tekjuskattur lögaðila	3.291	3.268	23	0,7
Eignarskattar, einstaklingar	2.459	2.519	-60	-2,4
Eignarskattar, lögaðilar	1.462	1.692	-230	-13,6
Beinir skattar	23.166	20.311	2.855	14,1
Tryggingagjöld og skattar á laun	10.503	9.962	541	5,4
Aðflutningsgjöld, almenn	1.418	2.642	-1.224	-46,3
Ýmis gjöld af innflutningi *)	302	365	-63	-17,3
Skattar á gjaldeyri ofl.	220	295	-75	-25,4
Skattar af framleiðslu og innflutningi	10.566	8.914	1.652	18,5
Virðisaukaskattur	40.919	40.497	422	1,0
Einkasöluhagn., gjald af einkasöluv.	6.607	6.157	450	7,3
Sértækir þjónustuskattar	135	146	-11	-7,5
Bifreiðaskattar	3.938	3.285	653	19,9
Önnur reglub. neyslu- og leyfisgjöld	219	188	31	16,5
Skattar á verðbréf og fjármagnsviðsk.	2.359	2.131	228	10,7
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	943	906	37	4,1
Ýmsar tekjur	374	363	11	3,0
Óbeinir skattar	78.503	75.851	2.652	3,5
Dráttarvextir af ríkissjóðstekjum	1.457	1.426	31	2,2
Ýmsar fjármunatekjur	3.264	2.994	270	9,0
Arðgreiðslur	2.768	2.239	529	23,6
Fjármunatekjur	7.489	6.659	830	12,4
Sala eigna	73	55	18	32,7
Ýmsar tekjur	371	344	27	7,8
Aðrar tekjur	444	399	45	11,3
Tekjur samtals	109.602	103.220	6.382	6,2

*) Innflutningsgjöld af bifreiðum og bensíni 1993 eru talin með sköttum af framleiðslu og innflutningi.

Fjármunatekjur jukust um 829 milljónir króna á milli ára, eða um 12,4%. Þar er m.a. um að ræða 470 milljón króna hærri arðgreiðslu frá Seðlabanka Íslands og aukningu vaxtatekna af langtímalánum um 267 milljónir króna.

3 Gjöld ríkissjóðs

Fjárlög og fjárheimildir

Í fjárlögum fyrir árið 1994 var gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á árinu næmu 113,8 milljörðum króna. Með fjáráukalögum fyrir árið 1994 sem voru samþykkt 22. desember sl. var fjárheimild ársins hækkuð um ríflega 6,0 milljarða króna. Fjárheimild í árslok nam því samanlagt 119,8 milljörðum króna.

Skipta má breytingum á fjárheimildum í tvo meginflokka. Annars vegar er um að ræða millifærslur sem eiga sér stoð í fjárlögum ársins og hafa ekki áhrif á niðurstöðutölu fjárlaga til hækkunar eða lækkunar. Hins vegar eru breytingar sem Alþingi kann að gera á fjárlögum ársins með fjáráukalögum. Slíkar breytingar geta ýmist hækkað eða lækkað niðurstöðutölu fjárlaganna. Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar sem urðu á fjárheimildum vegna ársins 1994.

Heimildarákvæði

Á fjárlagalið „09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum“ er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. fjárlaga, svo og útgjöldum sem ríkissjóður kann að verða gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við gerð fjárlaga.

- Í fyrsta lagi er ríkisstjórn og fjármálaráðherra veitt heimild til að gera breytingar á fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar sem leiða af nýjum lögum og sérstökum ákvörðunum.
- Í öðru lagi eru heimildir um eftirgjöf gjalda sem ekki er sérstaklega áætlað fyrir í fjárlögum.
- Í þriðja lagi eru heimildir til eignasölu og er áætlað fyrir sölutekjum í tekjugrein fjárlaga.
- Í fjórða lagi eru heimildir til eignakaupa og lántöku sem þeim fylgir.

- Í fimmta lagi eru ýmsar útgjaldaheimildir, m.a. heimild til að verja allt að 20% af andvirði seldra ríkisfyrirtækja og hlutabréfa til rannsókn- og þróunarverkefna.

Tafla 10. Færslur á fjárlagalið „09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum“

<i>Í m. kr.</i>		
<i>Fjárlög:</i>		
Útgjöld skv. heimildarákvæðum	360,0	
Átak á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi	100,0	
Sértekjur	-50,0	410,0
Fjáráukalög		12,0
<i>Millifært v/heimildarákvæða:</i>		
Á ýmsar stofnanir, 6. gr. fjárlaga tl. 5.14 (fært sem sértekjur)	48,6	
Á 09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs, 6. gr. fjárlaga	-107,3	
Á 09-999 Ýmisleg (dagblaðakaup), 6. gr. fjárlaga tl. 5.2	-11,2	
Á 02-210 Hásk. á Akureyri (Vinnumatssjóður), 6. gr. tl. 5.18	-8,0	
Á 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir, 6. gr. fjárlaga tl. 3.48	-6,0	
Á 07-972 Bjargráðasjóður, 6.gr. fjárlaga tl. 5.13	-12,0	
Á 08-500 Heilsugæslust., almennt (sjúkraflutn.), 6. gr. tl. 5.1	-99,7	-195,6
<i>Millifært v/átaks á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi:</i>		
Á „02-233 Rannsóknasjóður“	-85,0	
Á „02-985 Alþjóðleg samskipti“	-15,0	-100,0
		<u>126,4</u>

Í 6. grein fjárlaga fyrir 1994, tölulið 5.13, var heimild til „að greiða sérstakar bætur til bænda sem verst hafa orðið úti vegna harðæris vorið og sumarið 1993“. Nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði lagði til að veittar yrðu 12 milljónir króna til Bjargráðasjóðs sem síðan styrki bændur vegna kals á ræktuðu landi. Meirihluti fjárlaganefndar lagði til að fjárheimild yrði hækkuð vegna þessa þar sem sýnt þætti að heimildir fjárlaga myndu ekki nægja.

Í 6. grein fjárlaga fyrir árið 1994, tölulið 5.14, var fjármálaráðherra heimilað:

„Að endurskoða reglur um aksturskostnað ríkisins, auglýsingar og greiðslur til starfsmanna ríkisins fyrir yfirvinnu, ferðakostnað og nefndar- og stjórnarlaun. Þetta verði gert með því að fjármálaráðherra er heimilt að lækka laun og önnur gjöld stofnana ríkisins í A- og B-hluta

fjárlaga 1994 um allt að 0,5% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 50 m.kr. samtals.“

Útfærsla í fjárlögum á þessu ákvæði var með þeim hætti að 50 milljónir króna voru færðar sem sértekjur undir liðinn „09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum“. Fjárheimildir stofnana voru lækkaðar um samtals 48,6 milljónir króna í samræmi við þetta ákvæði. Sérstök hagræðingarnefnd á vegum fjármálaráðuneytisins sá um framkvæmdina. Hverju ráðuneyti var gert að spara ákveðna fjárhæð og var þeim í sjálfsveld sett hvernig þau höguðu niðurskurði á fjárveitingum sinna stofnana. Sum ráðuneytin munu hafa beitt flötum niðurskurði hjá stofnunum til að ná markmiði um sparnað. Tillögur ráðuneytana voru lagðar fyrir fjárlaganefnd Alþingis.

Varðandi skýringar á öðrum færslum á þennan fjárlagalið vísast til ákvæða 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1994.

Rekstrarhagræðing

Í 6. gr. fjárlaga fyrir 1994, tölulið 5.7, var fjármálaráðherra veitt heimild til þess að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd, fjárlagalið „950 Rekstrarhagræðing“ til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna. Í fjárlögunum var þessi fjárlagaliður ekki færður nema hjá fimm ráðuneytum, þ.e. dóms- og kirkjumálamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Samanlagt nam fjárheimild vegna þessa 83,2 milljónum króna. Þetta er umtalsvert lægri fjárhæð en árið 1993, en eitt af markmiðum fjárlaga fyrir það ár var að ná fram hagræðingu í rekstri ríkisstofnana sem næmi 0,5% af rekstrarútgjöldum þeirra eða 256 milljónum króna. Við fjárlagagerðina voru útgjöld stofnana skert sem þessu nam, en sömu fjárhæð ráðstafað á rekstrarhagræðingarlið undir hverju ráðuneyti. Skyldi fjárveitingum af þeim aðeins varið til að stuðla að hagræðingu sem skilaði sér í minni útgjöldum ríkissjóðs á árinu 1993 eða síðar.

Sérstök hagræðingarnefnd á vegum fjármálaráðuneytisins hefur haft umsjón með framkvæmd þessa verkefnis. Tillögur um ráðstöfun fjárisins bárust frá einstökum ráðuneytum og gerði fjármálaráðuneytið ekki athugasemd við þær. Fjárlaganefnd Alþingis voru sendar þessar tillögur til umsagnar. Kostnaður við verkefni sem falla undir rekstrarhagræðingu er haldið sérgreindum í bókhaldi ríkisins. Oft er hér um að ræða kostnað við margvíslegar úttektir á rekstri, kaup á hugbúnaði, biðlaun o.fl. Þegar þessum verkefnum er lokið er full ástæða til að kanna sérstaklega hvort

Þessi tilhögun á sparnaðaraðgerðum hafi skilað árangri og hvaða sparnaður hafi náðst fram í kjölfar þeirra.

Tafla 11. Fjárveiting til rekstrarhagræðingar 1994

<i>Í m. kr.</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Frá fyrra ári</i>	<i>Millifært</i>	<i>Frávik</i>
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5,3		5,3	0,0
Félagsmálaráðuneyti	9,6		8,0	1,6
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðun.	58,6	14,0	57,8	14,8
Fjármálaráðuneyti	5,2		5,2	0,0
Umhverfisaráðuneyti	4,5		4,5	0,0
	<u>83,2</u>	<u>14,0</u>	<u>80,8</u>	<u>16,4</u>

Samtals voru millifærðar á aðra liði 80,8 milljónir króna af fjárheimildum vegna rekstrarhagræðingar. Ónýtt fjárheimild nam þar af leiðandi 16,4 milljónum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið millifærði fjárveitingu á þessum lið á aðalskrifstofu ráðuneytisins (06-101) og á liðinn „06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna“. Einnig var fjárheimild lækkuð um 2,1 milljónir króna vegna ákvæðis 6. gr. fjárlaga, tölulið 5.14, sem fyrr er minnst á, þ.e. heimild fjármálaráðherra til þess að lækka gjöld stofnana um allt að 0,5%.

Félagsmálaráðuneytið millifærði fjárveitingu á aðalskrifstofu ráðuneytisins (07-101) og á liðinn „07-400 Málefni barna og ungmenna“.

Hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti hækkaði fjárheimild á þessum fjárlagalið um tæpar 14 milljónir króna vegna inneignar frá fyrra ári. Ráðuneytið millifærði síðan fjárveitingu á aðalskrifstofu auk ýmissa stofnana innan þess.

Hjá fjármálaráðuneyti voru fjárveitingar fluttar á ýmsa liði innan þess.

Hjá umhverfisaráðuneyti var fjárveiting öll færð á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Launa- og verðlagsmál

Sérstakur fjárlagaliður, „09-989 Launa- og verðlagsmál“ er færður undir fjármálaráðuneyti. Fram til ársins 1993 voru rekstrargjöld í fjárlögum að jafnaði sett fram á janúarverðlagi fjárlagaársins og þá áætlað fyrir verðuppbótum til stofnana vegna umsaminna launahækkana eða annarra verðbreytinga á fjárlagaárinu á þessum fjárlagalið. Frá og með

fjárlögum vegna 1993 hafa aftur á móti allar fjárhæðir verið settar fram á áætluðu meðalverðlagi ársins.

Á þessum fjárlagalið var í fjárlögum vegna 1994 áætlað fyrir launabótum skv. ákvæðum í kjarasamningum. Um var að ræða greiðslur til þeirra starfsmanna sem voru með lægri meðallaun en 80.000 kr. á tímabilinu september til nóvember 1993 og febrúar til apríl 1994. Þá voru 10 milljónir króna ætlaðar til að mæta ófyrirséðum greiðslum á stofnkostnaði vegna verðbóta á verkisamningum sem ríkissjóður yrði skuldbundin af á árinu. Fjárheimildum er úthlutað eftir að ósk um það berst frá viðkomandi stofnun. Ákvörðun um úthlutun er tekin af gjalda-skrifstofu fjármálaráðuneytis. Það er gert í samvinnu við starfsmannaskrifstofu ráðuneytisins þegar um er að ræða launabreytingar.

Tafla 12. Færslur á fjárlagalið „09-989 Launa- og verðlagsmál“

<i>Í m. kr.</i>		
Fjárlög		65,2
Fjáraukalög	2.293,8	
Þar af flutt frá fyrra ári	-1.923,8	370,0
Millifært v/launabóta	-427,7	
Millifærðar rekstrarbætur v/gengismunar	-10,9	-438,6
Ofnýtt fjárheimild		<u>-3,4</u>

Í fjárlögum fyrir 1994 var fjárveiting á þessum fjárlagalið 65,2 milljónir króna. Hún var síðan hækkuð um 370 milljónir króna með fjáraukalögum vegna nýrra kjarasamninga sem höfðu í för með sér hækkunar á launum umfram forsendur fjárlaga. Þannig var m.a. samið við hjúkrunarfræðinga, ljósmæður, meinatækna og röntgentækna. Ennfremur var samið við slökkviliðsmenn hjá Flugmálastjórn auk þess sem Kjaradómur kvað upp úrskurð um laun hjá embætti ríkissaksóknara. Ríkisstjórnin ákvað einnig að greiða 6.000 kr. eingreiðslu til allra ríkisstarfsmanna vegna efnahagsbata með sama hætti og gert var á almennum vinnumarkaði og kostaði sú ráðstöfun um 115 milljónir króna.

Vegna gengisbreytinga voru millifærðar samtals 10,9 milljónir króna. Á liðinn „02-985 Alþjóðleg samskipti“ voru færðar 5,4 milljónir króna og 5,5 milljónir á hin ýmsu sendiráð.

Tafla 13. Millifærslur vegna launabóta

Í m. kr.

Launauppbót 1994 v/efnahagsbata		114,5
<i>Launabreytingar v/nýrra kjarasamninga 1994:</i>		
Hjúkrunarfræðingar	198,9	
Kennarar	40,3	
Náttúrufræðingar	20,0	
Meinataeknar	25,0	
Röntgentæknar	13,3	
Ljósmæður	6,4	
Tollverðir	5,1	
Slökkviliðsmenn	2,1	
Starfsfólk ríkissaksóknara	2,0	313,1
		<u>427,7</u>

Þegar fjárukalög fyrir árið 1994 eru skoðuð, sést að fjárheimild á þessum lið var í heild aukin um 2.294 milljónir króna. Af þeirri fjárhæð voru 370 milljónir króna vegna launahækkana umfram forsendur fjárlaga eins og áður segir, en 1.924 milljónir króna voru hins vegar tilkomnar vegna flutnings óhafinna framlaga og umframgjalda stofnana frá árinu 1993 til ársins 1994. Þessi fjárhæð er í fjárukalögum sýnd í einu lagi á þessum lið í stað þess að vera skipt niður á einstakar stofnanir. Sundurliðun eftir stofnunum var aftur á móti sýnd í fylgiskjali með frumvarpi til laganna. Fjárheimildir viðkomandi stofnana á árinu 1994 voru hækkaðar eða lækkaðar sem þessu nam. Fjallað er nánar um flutning fjárheimilda milli ára í tengslum við umfjöllun um aukafjárveitingar síðar í þessum kafla.

Ríkisstjórnarákvarðanir

Á sérstakan fjárlagalið „09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir“ eru færð framlög sem kemur til kasta ríkisstjórnarinnar að ráðstafa. Liðurinn skiptist í tvö viðfangsefni. Framlag á því fyrra var 100 milljónir króna og var því ætlað að mæta ýmsum ófyrirséðum útgjöldum sem teljast vera á ábyrgð ríkisstjórnarinnar allrar en ekki einstakra ráðherra. Síðara viðfangsefnið var vegna markaðsátaks í löndum EES og var 50 milljónum króna varið til þess.

Aðeins 124 milljónir voru nýttar af 150 milljón króna fjárheimild á þessum lið og stóðu því 26 milljónir króna eftir. Af framlögum til markaðsátaks voru nýttar um 47 milljónir króna af 50 milljóna

fjárveitingu. Ríkisstjórnin ráðstafaði um 77 milljónum króna af 100 milljóna króna fjárveitingu².

Tafla 14. Færslur á fjárlagalið „09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir“

<i>Í m. kr.</i>		
Fjárlög		150,0
Framlög skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar	-77,4	
Framlög til markaðsátaks í löndum EES	-46,6	-124,0
Ónýtt fjárheimild		<u>26,0</u>

Sérstakri nefnd var falið að gera tillögu um úthlutun á framlagi vegna markaðsátaksins og áttu sæti í henni fulltrúar fjögurra ráðuneyta auk framkvæmdastjóra Útflutningsráðs Íslands. Auglýst var eftir styrkumsóknum og þar tekið fram að fjárhæð styrks gæti numið allt að 50% af áætluðum kostnaði vegna beinna markaðsaðgerða, þ.e. markaðsrannsókna, gerð kynningargagna, heimsókna á markaði, þátttöku á sýningum og auglýsinga. Umsóknarfrestur var til 1. júlí 1994 og barst 131 umsókn. Nefndin fór yfir umsóknir og fékk auk þess skriflegar umsagnir frá fulltrúum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Útflutningsráðs. Tillögur nefndarinnar voru samþykktar af ríkisstjórninni 9. september 1994 með einni undantekningu. Ákveðið var að úthluta styrkjum til 44 aðila samtals að fjárhæð 46,6 milljónir króna.

Ráðstöfunarfé

Hjá hverju ráðuneyti er færður sérstakur fjárlagaliður „199 Ráðstöfunarfé“ sem viðkomandi ráðherra er heimilt að ráðstafa vegna óvæntra útgjalda. Í fjárlögum fyrir árið 1994 voru samtals veittar tæpar 84 milljónir króna á þessa liði. Greiðslur eru ekki bókaðar beint á þessa fjárlagaliði, heldur eru fjárheimildir millifærðar á aðra liði að ósk viðkomandi ráðuneyta. Yfirleitt eru fjárheimildirnar færðar á aðalskrifstofu ráðuneytanna eða fjárlagaliði með nöfnum eins og „ýmislegt“ eða „ýmis verkefni“. Beiðnum til fjármálaráðuneytis um millifærslu fylgja almennt ekki upplýsingar um til hvaða verkefna nota eigi viðkomandi fjárveitingu. Frá þessu eru þó undantekningar.

Í ljósi þess að hér er um að ræða fjárveitingu til ófyrirséðra verkefna, sem ekki verður áætlað fyrir við fjárlagagerðina, er eðlilegt að

² Sundurliðun á framlögum skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar er birt í Viðauka 2.

viðkomandi ráðuneyti rökstyðji nauðsyn fjárveitinga af þessum liðum þegar farið er fram á millifærslu af þeim.

Tafla 15. Færslur á fjárlagalið „199 Ráðstöfunarfé“

<i>Í m. kr.</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Ráðstafað</i>	<i>Frávik</i>
Forsætisráðuneyti	5,0	0,9	4,1
Menntamálaráðuneyti	18,0	16,3	1,7
Utanríkisráðuneyti	5,0	5,0	0,0
Landbúnaðarráðuneyti	6,0	6,0	0,0
Sjávarútvegssráðuneyti	3,0	3,0	0,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	8,0	8,0	0,0
Félagsmálaráðuneyti	5,0	5,0	0,0
Heilbr.- og tryggingamálaráðun.	8,0	8,0	0,0
Fjármálaráðuneyti	6,0	1,1	4,9
Samgönguráðuneyti	5,0	5,0	0,0
Iðnaðarráðuneyti	8,0	8,0	0,0
Viðskiptaráðuneyti	3,0	3,0	0,0
Umhverfissráðuneyti	3,7	3,7	0,0
	83,7	73,0	10,7

Aðrar millifærslur á fjárheimildum

Hjá nokkrum ráðuneytum, aðallega menntamálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, eru færðir sérstakir fjárlagaliðir (safnliðir) vegna óskipts rekstrar-, viðhalds- og stofnkostnaðar stofnana sem undir ráðuneytin heyra. Slíkir liðir í fjárlögum 1994 voru eftirtaldir:

Tafla 16. Safnliðir í fjárlögum

<i>Í m. kr.</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Greitt</i>	<i>Millifært</i>
02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	66,5	36,2	-30,9
02-318 Alm. framhskólar, viðhald og stofnk.	644,5	647,0	-181,2
02-319 Framhaldsskólar, almennt	302,5	109,6	-170,2
02-719 Fræðsluskrifstofur, almennt	3,5	1,4	-1,0
02-720 Grunnskólar, almennt	239,1	83,4	-206,3
02-750 Skólar fyrir fatlaða, ósundurl.	135,5	91,0	-44,0
02-969 Ýmis stofnkostn. og viðhald skóla	-	-	71,1
03-320 Sendiráð, almennt	19,1	25,4	-
06-290 Dómsmál, ýmis kostnaður	23,9	21,9	-3,1
06-291 Húsn. og búnaður dómsmálastofn.	185,5	73,9	-
06-390 Ýmis löggæslukostnaður	50,6	39,3	1,0
06-391 Húsnæði löggæslustofnana	9,2	1,0	-14,4
06-490 Ýmis rekstrarkostn. sýslumannsemb.	106,8	98,9	-11,2
06-491 Húsn. og búnaður sýslumanna	116,0	138,4	13,2

06-590	Fangamál, ýmis kostnaður	11,8	8,4	-4,0
06-591	Fangelsisbyggingar	88,0	112,2	-
07-400	Málefni barna og ungmenna	23,3	10,3	1,1
07-700	Málefni fatlaðra	48,2	65,6	-13,9
08-370	Sjúkrahús með fjölbætta starfsemi	304,5	15,7	-272,8
08-381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	336,1	311,6	6,0
08-399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	236,9	241,3	10,9
08-500	Heilsugæslustöðvar, almennt	212,1	236,1	23,5
09-212	Skattamál, ýmis útgjöld	102,2	23,1	-53,4
09-971	Ríkisábyrgðir og tjónabætur	320,0	65,5	-15,0

Millifærslan á lið „02-318 Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður“ er aðallega komin til vegna þess að hluta fjárveitingar vegna viðhalds og stofnkostnaðar við framhaldsskóla var ráðstafað til að mæta kostnaði við byggingu Þjóðarbókhöfuðs. Ástæða þótti til að geta lokið framkvæmdum á árinu 1994 og þar sem ónýtt fjárveiting var til staðar á lið 02-318 var 200 milljónum króna ráðstafað með þessum hætti.

Til skýringar á lið „02-969 Ýmis stofnkostnaður og viðhald skóla“ skal tekið fram að á þennan lið eru millifærðar fjárheimildir vegna stofnkostnaðar og viðhalds sem framkvæmt er á vegum byggingardeildar menntamálaráðuneytisins. Innan ársins er kostnaður við framkvæmdirnar síðan bókaður á liðinn. Bæði kostnaður og fjárheimild eru síðan millifærðar á viðkomandi stofnanir. Fjárheimild sem eftir stendur svarar til ónýttar heimildar og færast til næsta árs.

Það er misjafnt hvort kostnaður er bókaður beint á safnliðina eða fjárheimildir millifærðar á stofnanir. Almennt verður að telja æskilegt að allur kostnaður sem tengist starfsemi tiltekinnar stofnunar sé bókfærður á hana þannig að rétt mynd fái af kostnaði við reksturinn. Jafnframt verður þá að millifæra fjárheimild af safnlið og á viðkomandi stofnun.

Tafla 17. Skerðing fjárheimilda hjá stofnunum samgönguráðuneytis

<i>Í m. kr.</i>	
Vita- og hafnamálaskrifstofan	2,2
Ferðamálaráð	0,2
Flugmálastjórn	1,3
Vegagerð ríkisins	16,4
Póst- og símamálastofnunin	19,9
	<u>40,0</u>

Í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1994, tölulið 5.17, var fjármálaráðherra, að fengnum tillögum samgönguráðherra, veitt heimild til að lækka

heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 40 milljónir króna samtals. Andvirði þessa skyldi lagt til markaðsátaks erlendis til þess að lengja ferðamannatímamann á Íslandi.

Aukafjárveitingar

Með fjáráskilögum fyrir árið 1994, sem Alþingi samþykkti í lok síðasta árs, voru fjárheimildir stofnana auknar í heild um 6.023 milljónir króna. Þar af voru 1.924 milljónir króna vegna yfirfærðra heimilda en 4.100 milljónir vegna annars.

Í nokkrum tilfellum námu greiðslur á árinu 1994 lægri fjárhæð en nam aukafjárveitingu sem færð var á viðkomandi lið. Dæmi um þetta eru m.a.:

- Til Byggðastofnunar var veitt 370 milljónum króna. Sú fjárhæð skiptist þannig að 300 milljónir voru ætlaðar til standa straum af víkjandi lánnum til fyrirtækja á Vestfjörðum (sbr. lög nr. 96/1994). Þá voru 50 milljónir ætlaðar til stuðnings við atvinnuuppbyggingu á þeim svæðum sem orðið höfðu fyrir mestum samdrætti í framleiðslu sauðfjárafurða (sbr. viðauka II í búvörusamningi frá 11. mars 1991). Að síðustu voru 20 milljónir ætlaðar til að fjármagna stuðning við útgerðir smábáta með aflamark sem sætt höfðu mikilli skerðingu á aflaheimildum. Í árslok 1994 nam ónýtt fjárheimild Byggðastofnunar hins vegar 303 milljónum króna. Það má skýra með því að Byggðastofnun vannst ekki tími til þess að afgreiða þessa styrki á árinu 1994.
- Til Landhelgisgæslunnar var veitt 550 milljónum króna, þar af 535 milljónum til kaupa á björgunarþyrlu og 15 milljónum vegna úthalds varðskips í Barentshafi í tvo mánuði. Ónýtt fjárheimild Landhelgisgæslunnar í árslok 1994 nam 49,9 milljónum króna vegna þyrlukaupanna og 12,4 milljónum króna vegna rekstrar. Í fjárveitingu var gert ráð fyrir kaupum á varahlutum í þyrluna sem verða þó ekki gerð fyrir en á þessu ári.
- Gjaldheimtan í Reykjavík fékk aukafjárveitingu að fjárhæð 30 milljónir króna til að mæta kostnaði af innheimtuaðgerðum sem taldar voru vanáætlaðar eftir að lögum um aukatekjur ríkissjóðs var breytt. Í árslok átti stofnunin hins vegar ónýtta fjárveitingu að fjárhæð 44,7 milljónir króna enda hafði kostnaður vegna innheimtuaðgerða verið ofmetinn.

- Í 6. gr. fjárlaga, tölulið 5.13, var heimild til að greiða sérstakar bætur til bænda sem verst höfðu orðið úti vegna harðæris vorið og sumarið 1993. Aukafjárveiting, 12 milljónir króna, á fjárlagalið „09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum“ var samþykkt vegna þessa. Ónýtt fjárheimild á þessum lið nam hins vegar 110,5 milljónum króna.

Þá má nefna að í ljósi útkomu fyrstu 10 mánaða ársins var fjárheimild vegna vaxtagjalda ríkissjóðs („09-801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir“) lækkuð um 300 milljónir króna. Ónýtt fjárheimild í árslok var aftur á móti 445,5 milljónir króna.

Tafla 18. Helstu aukafjárveitingar árið 1994

<i>Í m. kr.</i>	
<i>Hækkun:</i>	
Sjúkratryggingar v/minni sparnaðar	800
Landhelgisgæsla Íslands v/pyrlu og úthalds varðskips	550
Lífeyristryggingar v/eingreiðslna til lífeyrisþega	400
Byggðastofnun v/Vestfjarðaaðstoðar	370
Vegagerð ríkisins vegna Vestfjarðaganga	350
Kaup á húseign fyrir utanríkisráðuneytið	300
Ríkisspítalar v/ýmissa mála	294
Borgarspítalinn v/uppsafnaðs vanda og ofátælaðra sértekna	212
St. Jósefsspítali Landakoti v/rekstrarhalla	100
Flugmálastjórn v/dóms um kjaramál flugumferðastjóra	85
Jöfnunaraðstoð við skipasmíðar	70
Innheimtukostnaður v/vanáætlaðs kostnaðar	65
Grunnskólar v/meiri nemendafjölda og breyttrar aldursdreifingar	50
	<u>3.646</u>
<i>Lækkun:</i>	
Minni vaxtagreiðslur en áætlað var í fjárlögum	-300
Hafrannsóknastofnun v/framlags úr Verðjöfnunarsjóði	-215
Lánasjóður ísl. námsmanna v/minni fjárþarfar	-65
	<u>-580</u>

Sem fyrr segir námu yfirfærðar fjárheimildir frá árinu 1993 samtals 1.924 milljónum króna sem skiptist þannig að vegna rekstrar voru fluttar 875 milljónir, en vegna viðhalds- og stofnkostnaðar um 1.049 milljónir.

Í síðara frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 1994 sem lagt hefur verið fyrir Alþingi (uppgjörsfjárukalögum) er lagt til að fjárveitingar að fjárhæð 1.549 milljónir króna færist yfir á árið 1995. Vegna rekstrar er lagt til í frumvarpinu að fjárheimild ársins 1995 lækki um 7 milljónir króna, en hækki um annars vegar 363 milljónir vegna tilfærslna og um 1.193 milljónir vegna stofnkostnaðar og viðhalds.

Tafla 19. Flutningur fjárheimilda milli ára

<i>Í m. kr.</i>	<i>Flutt frá 1994</i>	<i>Flutt frá 1993</i>	<i>Flutt frá 1992</i>
Flutt inneign v/rekstrar	578	1.103	958
Flutt skuld v/rekstrar	-585	-228	-435
Flutt samtals v/rekstrar	-7	875	523
Flutt vegna tilfærslna	363	0	0
Flutt vegna viðhalds- og stofnkostnaðar	1.193	1.049	696
Flutt samtals	1.549	1.924	1.219

Sú fjárhæð sem lagt er til að komi til hækkunar á fjárheimild ársins 1995 er 375 milljónum króna lægri en sú sem flutt var frá árinu 1993. Í fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að 55% af ónýttri fjárheimild ársins 1994 flytjist til næsta árs, en samsvarandi hlutfall var um 69% vegna ársins 1993.

Tafla 20. Fluttar fjárheimildir sem hlutfall af stöðu í árslok

<i>Í m. kr.</i>	<i>1994*)</i>	<i>1993</i>	<i>1992</i>
Óhafin framlög ársins	3.577	3.558	3.821
Umfram greitt á árinu	759	759	1.330
	2.818	2.799	2.491
Flutt til næsta árs	1.549	1.924	1.219
Hlutfall af ónýttri fjárheimild sem flyst til næsta árs	55,0%	68,7%	48,9%

*) Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga.

Samanburður gjalda við fjárlög

Segja má að í fjárlögum felist markmiðssetning og áætlanir stjórnvalda varðandi ríkisfjármál á þeim tíma sem fjárlög eru sett. Samanburður á fjárlögum og raunverulegri útkomu gefur þess vegna til kynna að hve miklu leyti þau markmið hafa náðst sem að var stefnt og hversu raunhæfar áætlanir voru. Samanburður á fjárlögum vegna 1994 og útkomu ársins sýnir að útgjöld urðu nokkuð meiri en boðað var í fjárlögum ársins. Hjá aðeins þremur ráðuneytum urðu útgjöldin lægri en kveðið var á um í fjárlögum. Útgjöld annarra ráðuneyta fóru hins vegar fram úr áformum fjárlaga, þó í mismiklum mæli væri.

Samanburður gjalda við fjárheimildir

Fjárheimild vegna ársins 1994 nam 119,8 milljörðum króna. Greiðslur námu á sama tíma 117,0 milljörðum króna. Fjárheimild umfram greiðslur nam þannig 2,8 milljörðum króna. Greiðslur stofnana umfram fjárheimild voru 0,8 milljarðar en greiðslur undir fjárheimild voru hins vegar 3,6 milljarðar. Öll ráðuneytin nema eitt voru í heild innan fjárheimildar á árinu. Frávikði hjá því ráðuneyti sem fór yfir fjárheimild var óverulegt.

Tafla 21. Gjöld 1994 samborið við fjárlög
janúar - desember

<i>I m. kr.</i>	<i>Greitt</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Frávik</i>	<i>%</i>
Æðsta stjórn ríkisins	1.182	1.093	89	8,2
Forsætisráðuneyti	706	494	212	42,9
Menntamálaráðuneyti	17.534	16.737	797	4,8
Utanríkisráðuneyti	1.693	1.575	118	7,5
Landbúnaðarráðuneyti	7.040	6.863	177	2,6
Sjávarútvegssráðuneyti	924	1.090	-165	-15,2
Dóms- og kirkjumálaráðun.	5.986	5.417	569	10,5
Félagsmálaráðuneyti*)	8.579	8.882	-303	-3,4
Heilbr.- og tryggnimálaráðun.*)	47.042	44.604	2.438	5,5
Fjármálaráðuneyti	14.926	16.201	-1.275	-7,9
Samgönguráðuneyti	9.333	8.908	424	4,8
Iðnaðarráðuneyti	1.122	1.021	101	9,9
Víðskiptaráðuneyti	178	168	10	5,7
Hagstofa Íslands	156	147	9	6,2
Umhverfissráðuneyti	586	582	4	0,6
	116.986	113.782	3.205	2,8

*) Atvinnuleysistryggingasjóður og atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna voru sýndar undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti í fjárlögum en greiðslur voru bókaðar undir félagsmálaráðuneytið á árinu. Fjárlagatölum þessara ráðuneyta hefur verið breytt til samræmis við þetta hér að ofan.

Frávik frá fjárheimild var einna mest á fjárlagaliðum sem heyrja undir fjármálaráðuneytið. Í því sambandi má nefna að greiddir vextir voru um 446 milljónum króna undir fjárheimild, ríkisábyrgðir og tjónabætur um 240 milljónum króna og útgjöld skv. heimildarákvæðum um 110 milljónum króna. Þá voru uppbætur á lífeyri um 99 milljónum króna undir fjárheimild og fjárlagaliður vegna ýmissa fasteigna ríkissjóðs um 91 milljón króna.

Hjá öðrum ráðuneytum voru ýmsir fjárlagaliðir verulega undir fjárheimild. Má þar t.d. nefna Byggðastofnun um 303 milljónir króna,

fjárlagalið vegna viðhalds og stofnkostnaðar framhaldsskóla um 94 milljónir og fjárlagalið vegna húsnæðis og búnaðar dómstóla um 164 milljónir. Ennfremur var Atvinnuleysistryggingasjóður 246 milljónir króna undir fjárheimild, Ábyrgðasjóður launa var 160 milljónir króna undir heimild svo og Framkvæmdasjóður fatlaðra um 75 milljónir króna.

Í Viðauka 3 er yfirlit um þær stofnanir sem fóru 5 milljónir króna eða meira yfir fjárheimild á árinu 1994. Þá voru allmargar stofnanir undir fjárheimild á árinu 1994 og eru þær stofnanir sem voru 5 milljónum króna eða meira undir fjárheimild taldar upp í Viðauka 4.

Tafla 22. Gjöld 1994 eftir ráðuneytum samanborið við fjárheimildir
janúar - desember

<i>Í m. kr.</i>	<i>Greitt</i>	<i>Fjár- heimild</i>	<i>Frávik</i>	<i>%</i>	<i>Umfram greitt</i>	<i>Óhafin framlög</i>
Æðsta stjórn ríkisins	1.182	1.200	-17	-1,4	7	24
Forsætisráðuneyti	706	995	-289	-29,1	26	315
Menntamálaráðuneyti	17.534	17.678	-144	-0,8	271	415
Utanríkisráðuneyti	1.693	1.774	-81	-4,6	54	135
Landbúnaðarráðuneyti	7.040	7.071	-31	-0,4	26	57
Sjávarútvegsráðuneyti	924	968	-44	-4,5	7	51
Dóms- og kirkjumrn.	5.986	6.279	-293	-4,7	96	389
Félagsmálaráðuneyti	8.579	9.209	-630	-6,8	19	649
Heilbr.- og tryggmrn.	47.042	46.987	55	0,1	200	144
Fjármálaráðuneyti	14.926	16.188	-1.263	-7,8	12	1.274
Samgönguráðuneyti	9.333	9.367	-35	-0,4	1	36
Iðnaðarráðuneyti	1.122	1.147	-25	-2,2	18	43
Viðskiptaráðuneyti	178	183	-5	-3,0	3	8
Hagstofa Íslands	156	157	-1	-0,5	6	7
Umhverfissráðuneyti	586	603	-16	-2,7	13	30
	116.986	119.805	-2.818	-2,4	759	3.577

Samanburður gjalda við fyrra ár

Hækkun útgjalda milli árana 1993 og 1994 nam 4,1 milljarði króna, eða 3,7%. Að raungildi er hækkunin 2,2 milljarðar, eða 1,9%.

Tafla 23. Gjöld 1993 og 1994 eftir tegundum
janúar til desember

<i>Í m.kr.</i>	<i>Greitt 1994</i>	<i>Greitt 1993</i>	<i>Á verðl. 1994</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>	<i>Raun- breyt.</i>	<i>%</i>
Laun	29.725	28.544	28.986	1.182	4,1	739	2,5
Almannatrygg. *)	27.004	25.640	26.037	1.364	5,3	967	3,7
Aðrar tilfærslur	20.966	21.022	21.335	-56	-0,3	-369	-1,7
Vaxtagjöld	10.704	9.732	10.105	972	10,0	599	5,9
Eignakaup	1.473	781	792	693	88,7	681	86,0
Önnur gjöld	28.808	28.419	28.843	388	1,4	-35	-0,1
	118.680	114.137	116.098	4.543	4,0	2.617	2,3
Sértekjur	-1.694	-1.275	-1.294	-419	32,9	-400	30,9
	116.986	112.863	114.804	4.124	3,7	2.217	1,9

*) Lífeyris-, sjúkra- og slysatryggingar

Eins og ofangreind tafla sýnir hækkuðu laun að raungildi um 739 milljónir króna. Framlög til almannatryggingakerfisins hækkuðu um 967 milljónir króna. Þá hækkuðu vaxtagjöld ríkissjóðs, þ.e. greiddir vextir, um 599 milljónir króna og eignakaup um 681 milljón. Hækkun eignakaupa er hlutfallslega mikil og skýrist aðallega af kaupum á björgunarþyrilu fyrir Landhelgisgæsluna. Aðrar tilfærslur en til almannatrygginga lækkuðu um 369 milljónir króna. Önnur gjöld ríkissjóðs voru nánast óbreytt.

Af einstökum liðum sem breyttust umtalsvert á milli árána 1993 og 1994 má nefna að greiddir vextir ríkissjóðs (liður 09-801) hækkuðu um 973 milljónir króna, eða 10,0%. Greiðslur ríkissjóðs til almannatryggingakerfisins hækkuðu einnig. Þannig hækkuðu framlög til lífeyristrygginga um 811 milljón króna, eða 5,2%, og til sjúkratrygginga um 594 milljónir, eða 6,2%. Þá hækkaði framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 534 milljónir króna eða 23,3%³. Framlag til Landhelgisgæslunnar hækkaði um 505 milljónir króna eða 83,2% vegna kaupa á björgunarþyrilu. Framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkaði um 426 milljónir eða 28,5%. Framlag til byggingar Þjóðarþóklöðu hækkaði um 203 milljónir króna eða 54,4%, en húsnæðið var tekið í notkun á síðasta ári. Af öðrum liðum sem hækkuðu má nefna framlag til Lýðveldishátíðar og vegna fasteigna ríkissjóðs. Framlög til stóru sjúkrahúsanna, Ríkisspítala og Borgarspítala, hækkuðu um 265

³ Tekið hefur verið tillit til þess að atvinnuleysisbætur til opinberra starfsmanna var sérstakur fjárlagaliður árið 1993.

milljónir króna hvað varðar fyrri stofnunina og 154 milljónir króna hvað varðar þá síðari. Hlutfallslega er hækkun framlaga til þeirra 4,1% og 5,3%.

Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu lækkuðu um 380 milljónir króna eða 12,7%. Útgjöld vegna liðarins „04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði“ lækkuðu einnig um 240 milljónir eða 80,5%. Framlag til Hafrannsóknastofnunar lækkaði um 216 milljónir króna, eða 35,5%, en með setningu laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins vorið 1994 var lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins breytt á þá leið að eignir sjóðsins skyldu renna til stofnunarinnar. Þá má nefna að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna var lækkað um 202 milljónir króna eða 11,9%.

Tafla 24. Gjöld 1993 og 1994 eftir ráðuneytum
janúar til desember

<i>Í m.kr.</i>	<i>Greitt 1994</i>	<i>Greitt 1993</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Æðsta stjórn ríkisins	1.182	1.106	76	6,9
Forsætisráðuneyti	706	379	327	86,2
Menntamálaráðuneyti	17.534	16.750	784	4,7
Utanríkisráðuneyti	1.693	1.584	109	6,9
Landbúnaðarráðuneyti	7.040	7.821	-781	-10,0
Sjávarútvegsráðuneyti	924	1.126	-202	-17,9
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5.986	5.535	451	8,1
Félagsmálaráðuneyti *)	8.579	7.649	930	12,2
Heilbr.- og tryggingamráðun. *)	47.042	45.392	1.650	3,6
Fjármálaráðuneyti	14.926	14.133	793	5,6
Samgönguráðuneyti	9.333	9.398	-65	-0,7
Iðnaðarráðuneyti	1.122	1.029	93	9,0
Viðskiptaráðuneyti	178	171	7	4,2
Hagstofa Íslands	156	138	18	12,9
Umhverfissráðuneyti	586	652	-66	-10,1
	116.986	112.863	4.124	3,7

*) Atvinnuleysistryggingasjóður og atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna heyrðu undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið árið 1993 en undir félagsmálaráðuneytið árið 1994. Greiðslum þessara ráðuneyta árið 1993 hefur verið breytt til samræmis við þetta.

4 Útgjöld almannatrygginga og Atvinnuleysis-tryggingasjóðs

Ríkisendurskoðun hefur tekið saman yfirlit um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga árin 1993 og 1994. Alls hækkuðu greiðslur vegna almannatrygginga að raungildi um 301 milljón króna á milli þessara ára, eða sem svarar til 1,1%.

Tafla 25. Útgjöld vegna almannatrygginga

<i>Í m. kr. á verðlagi 1994</i>	<i>Greitt 1994</i>	<i>Greitt 1993</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Lífeyrstryggingar	16.205	15.886	319	2,0
Sjúkratryggingar	9.959	9.856	103	1,0
Slysatryggingar	539	660	-121	-18,3
Gjöld umfram tekjur	26.703	26.402	301	1,1

Í fjárlögum var gert ráð fyrir að framlög til lífeyrstrygginga yrðu óbreytt að raungildi og að útgjöld sjúkratrygginga lækkuðu um 640 milljónir króna. Niðurstöðutölur ársins sýna að áform í fjárlögum hafa ekki náðst.

Greiðslur vegna lífeyrstrygginga jukust að raungildi um 319 milljónir króna milli árana 1993 og 1994, eða um 2,0%. Hækkun á einstökum bóталиðum var sem hér segir: Lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 154 milljónir króna, örorkugreiðslur um 221 milljón króna og barnalífeyrir um 79 milljónir króna. Aftur á móti lækkuðu framlög vegna fæðingarorlofs um 72 milljónir króna og ekkju- og ekknaþætur um 37 milljónir króna.

Tafla 26. Útgjöld vegna lífeyrstrygginga

<i>Í m. kr. á verðlagi 1994</i>	<i>Greitt 1994</i>	<i>Greitt 1993</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Lífeyrisgreiðslur	10.099	9.945	154	1,5
Sjómannalífeyrir	66	75	-9	-12,0
Örorkugreiðslur	3.658	3.437	221	6,4
Barnalífeyrir	633	554	79	14,3
Ekkju- og ekklabætur	117	154	-37	-24,0
Framlög til einstæðra foreldra	264	268	-4	-1,5
Makabætur	31	31	0	0,0
Fæðingarorlof	1.173	1.245	-72	-5,8
Bifreiðastyrkir	127	136	-9	-6,6
Endurhæfingarlífeyrir	37	41	-4	-9,8
	16.205	15.886	319	2,0

Greiðslur vegna sjúkratrygginga hækkuðu að raungildi um 103 milljónir króna milli ára 1993 og 1994, eða sem nemur 1,0%. Hækkun greiðslna var einkum vegna lyfjaútgjalda, lækna- og tannlækna- og sjúkrakostnaðar erlendis. Aftur á móti lækkuðu greiðslur m.a. vegna sjúkrakostnaðar innanlands og tannlækna- og sjúkrakostnaðar.

Tafla 27. Útgjöld vegna sjúkratrygginga

<i>Í m. kr. á verðlagi 1994</i>	<i>Greitt 1994</i>	<i>Greitt 1993</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Langlega, dagvist, daggjöld	2.375	2.360	15	0,6
Hjálpartæki	548	485	63	13,0
Útgjöld skv. 39. grein	384	371	13	3,5
Sjúkrakostnaður erlendis	246	195	51	26,2
Lækna- og tannlækna- og sjúkrakostnaður	1.635	1.445	190	13,1
Tannlæknar	601	694	-93	-13,4
Sjúkrakostnaður innlendur	750	1.136	-386	-34,0
Lyf	2.965	2.669	296	11,1
Annað	455	501	-46	-9,2
	9.959	9.856	103	1,0

Í fjárlögum var stefnt að því að lækka framlög til flestra útgjaldaþátta sjúkratrygginga. Fyrirhugaður sparnaður vegna lyfjaútgjalda og lækna- og tannlækna- og sjúkrakostnaðar hefur ekki náð fram að ganga eins og áætlað var.

Greiðslur slysatrygginga lækkuðu um 121 milljón króna að raunvirði milli árana 1993 og 1994 eða um 18,3%. Nokkrar breytingar urðu á útgjöldum einstakra bótaflokka eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Tafla 28. Útgjöld vegna slysatrygginga

<i>Í m. kr. á verðlagi 1994</i>	<i>Greitt 1994</i>	<i>Greitt 1993</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Stjórnendur bifreiða	137	222	-85	-38,3
Launþegar, sjómenn	175	194	-19	-9,8
Launþegar, aðrir en sjómenn	88	104	-16	-15,4
Bændur makar þeirra og börn	17	16	1	6,3
Sjúklingatryggingar	9	7	2	28,6
Annað	113	117	-4	-3,4
	539	660	-121	-18,3

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs jukust um 461 milljón króna að raungildi milli árana 1993 og 1994, eða um 14,3%. Atvinnuleysisbætur urðu 240 milljónum króna hærri að raungildi sem skýrist af auknu atvinnuleysi frá árinu 1993 og vegna þess að atvinnuleysisbætur til opinberra starfsmanna féllu undir sjóðinn frá miðju síðasta ári. Þá voru framlög til átaksverkefna á vegum sveitarfélaga 236 milljónum króna hærri að raungildi en á árinu 1993.

Tafla 29. Útgjöld vegna atvinnuleysistrygginga

<i>Í m. kr. á verðlagi 1994</i>	<i>Greitt 1994</i>	<i>Greitt 1993</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Atvinnuleysisbætur	2.820	2.580	240	9,3
Framlög v/eftirlauna	297	327	-30	-9,2
Átaksverkefni	353	117	236	201,7
Rekstrarkostnaður	119	127	-8	-6,3
Annað	106	83	23	27,7
	3.695	3.234	461	14,3

Tafla 30. Fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs

<i>Í m. kr. á verðlagi hvers árs</i>	1994	1993
Framlög ríkissjóðs	2.505	1.561
Framlög atvinnurekenda	420	604
Framlög sveitarfélaga skv. lögum nr. 107/1992	579	500
Afborgun lána o.fl.	253	276
Kaup ríkissjóðs á verðbréfum sjóðsins	0	250
	<u>3.757</u>	<u>3.191</u>

5 Ársverk og launakostnaður ríkissjóðs

Heildarfjöldi reiknaðra ársverka 1994, hjá þeim A-hluta stofnunum sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launavinnslu fyrir, var 18.497 í samanburði við 18.238 árið 1993. Ársverkum fjölgaði þannig um 259 á milli ára.

Þegar tekið hefur verið tillit til þess að á seinni hluta ársins 1993 tók starfsmannaskrifstofan yfir launavinnslu fyrir sendiráð og fastanefndir Íslands erlendis og að hún sér ekki lengur um launavinnslu fyrir embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, Kristnesspítala og Fiskifélag Íslands, nemur fjölgun milli ára 287 ársverkum. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ársverka í dagvinnu og yfirvinnu.

Tafla 31. Fjöldi ársverka 1993 og 1994

	1994	1993	Breyt.	%
Dagvinna	15.247	15.136	111	0,7
Eftirvinna	3.250	3.102	148	4,8
	18.497	18.238	259	1,4
Sendiráð, Kristnes o.fl.	28	28	28	
	18.525	18.238	287	1,6

Launagjöld stofnana í A-hluta fjárlaga námu um 29,7 milljörðum króna á árinu 1994, en um 28,5 milljörðum árið 1993. Þegar tekið hefur verið mið af meðalhækkun launa ríkisstarfsmanna skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands hafa launaútgjöld aukist um tæpar 740 milljónir króna á milli ára, eða um 2,5%. Nýir kjarasamningar á árinu 1994 kostuðu ríkissjóð ríflega 300 milljónir króna.

Þegar skoðaðar eru breytingar á fjölda reiknaðra ársverka frá árinu 1989, sbr. töfluna hér að neðan, sést að ársverkum fjölgaði mest í byrjun tímabilsins. Þeim fækkaði á milli árunna 1991 og 1992, en hefur fjölgað nokkuð síðan.

Tafla 32. Þróun ársverka frá 1989

Ár	%
1993/94	1,6
1992/93	0,2
1991/92	-1,2
1990/91	3,4
1989/90	4,0

Viðauki 2

Sundurliðun á framlögum skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar

	<i>Í m.kr.</i>
<i>Forsætisráðuneyti:</i>	
01-190 Til Lions-hreyfingarinnar vegna átaks í þágu blindra.	1,0
01-190 Vegna útgáfu rits um áhrif ytra umhverfis á íslenska þjóðfélagsþróun.	1,3
01-190 Hjálparstofnun kirkjunnar vegna aðstoðar við bágstadda í Rúanda og Eþíópíu.	1,0
01-190 Til að ljúka endurbótum á ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu, Rvík.	10,0
01-190 RKÍ til hjálparstarfs vegna flóttafólks frá Rúanda.	1,0
01-902 Til kaupa á rafstreng vegna þjóðhátíðar á Þingvöllum.	1,0
01-190 Bandalag íslenskra skáta vegna kynningar á „Íslenski fáninn í öndvegi“.	0,8
01-190 Samtök iðnaðarins vegna „Íslenskt - já takk“.	1,0
01-190 Kynning á sjónarmiðum Íslendinga í hvalveiðimálum.	1,5
01-190 Nefnd um umferð á Þingvöllum 17. júní 1994.	2,5
01-190 Til kaupa á 300 eintökum af bókinni „Þjóð á Þingvöllum“.	0,9
<i>Menntamálaráðuneyti:</i>	
02-982 Til menningarkynningar erlendis í tilefni af Lýðveldishátíð.	5,0
02-982 Vegna menningarsamninga við Kína og Japan.	2,5
02-982 Íþróttafélag heyrnarlausra vegna ferðastyrks.	0,5
02-999 Mótframlag vegna þjóðhátíðargjafar Dana í „Fondet til Dansk-Íslandsk Samarbejde“.	3,5
<i>Utanríkisráðuneyti:</i>	
03-101 Háskóli Íslands vegna samanburðarúttektar á aðild að EES og ESB.	3,5
03-101 Til menningarkynninga á vegum sendiráða Íslands í tilefni af 50 ára Lýðveldisafmæli.	8,0
03-101 Vegna menningarsamninga við Kína og Japan.	0,5
03-101 Sophia Hansen vegna vangoldinnar húsaleigu í Ístanbul, Tyrklandi.	0,6
03-101 Styrkur vegna sjónvarpsmyndar um hafið.	4,0
03-101 Til undirbúnings kvennaráðstefnu SP 1995.	5,7
03-391 Til neyðaraðstoðar til Rúanda og Búrúndí.	4,0
<i>Landbúnaðarráðuneyti:</i>	
04-190 Styrkur til útflytjenda afurða kartöflubænda.	5,0
<i>Sjávarútvegsráðuneyti:</i>	
05-190 Fiskleiðir hf. vegna sjávarafurðasýninga í Moskvu.	1,0
<i>Dóms- og kirkjumálaráðuneyti:</i>	
06-190 Til styrktar á stofnun Mannréttindaskrifstofu Íslands.	1,0
<i>Félagsmálaráðuneyti:</i>	

07-410	Barnaheill til að ljúka framkvæmdum við heimili fyrir vegalaus börn.	2,0
07-700	Til alþjóðlegar ráðstefnu um málefni fatlaðra.	1,5
<i>Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:</i>		
08-399	Hjúkrunarvörur og lyf vegna ferðar varðskipsins Óðins í „Smuguna“.	0,4
<i>Fjármálaráðuneytið:</i>		
09-999	Kaupmannasamtökin vegna átaksins „Verslum heima“.	0,5
<i>Samgönguráðuneyti:</i>		
10-101	Landsamband íslenskra akstursípróttafélaga vegna alþjóðlegs móts.	0,8
<i>Viðskiptaráðuneyti:</i>		
12-190	Til undirbúnings stofnunar upplýsinga- og söluskrifstofu vegna fjárfestinga erlendra aðila á Íslandi.	2,0
12-190	Framlag til að endurnýja samning við Evrópubankann um Tækniástoðarsjóð Íslands.	1,5
<i>Umhverfisráðuneyti:</i>		
14-101	Til að stofna lífræna áburðarverksmiðju að Sólheimum í Grímsnesi.	1,0
14-190	Til að styrkja kvikmynd um lífríki og náttúrufar Þingvalla.	1,0
	Alls	77,4

Viðauki 3

Stofnanir sem fóru 5 milljónir króna eða meira fram úr fjárheimild árið 1994

<i>Í þús. kr.</i>		<i>Greitt</i>	<i>Fjár- heimild</i>	<i>Frávik</i>	<i>%</i>
01 901	Húsameistari ríkisins	-2.885	-17.684	14.799	-83,7
01 902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	56.192	45.399	10.793	23,8
02 701	Grunnskólar, Reykjanesi	1.159.127	1.110.375	48.752	4,4
02 700	Grunnskólar, Reykjavík	1.403.837	1.376.487	27.350	2,0
02 209	Verkfræðistofnun HÍ	30.711	5.871	24.840	423,1
02 973	Þjóðleikhús	318.766	304.893	13.873	4,6
02 972	Ísl. dansfl. og Listdansskólinn	53.630	41.391	12.239	29,6
02 983	Ýmis fræðistörf	24.236	12.293	11.943	97,2
02 304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	190.892	178.960	11.932	6,7
02 884	Jöfnun á námskostnaði	101.218	93.387	7.831	8,4
02 985	Alþjóðleg samskipti	121.833	115.814	6.019	5,2
02 872	Lánasjóður íslenskra námsm.	1.496.810	1.490.905	5.905	0,4
02 704	Grunnskólar, Vestfjörðum	221.525	216.116	5.409	2,5
03 303	Sendiráð Íslands í London	45.020	36.299	8.721	24,0
03 309	Fastanefnd hjá SP/aðalm. í NY	52.145	45.048	7.097	15,8
03 201	Sýslum. á Keflavíkurlugvelli	147.072	140.919	6.153	4,4
03 308	Sendiráð Íslands í Washington	46.396	40.443	5.953	14,7
04 801	Greiðslur vegna mjólkurframl.	2.622.488	2.613.765	8.723	0,3
04 261	Bændaskólinn á Hvanneyri	86.235	78.920	7.315	9,3
05 203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	105.438	98.864	6.574	6,6
06 412	Sýslumaðurinn á Akranesi	65.248	47.661	17.587	36,9
06 511	Fangelsi á höfuðborgarsvæðinu	136.607	121.860	14.747	12,1
06 311	Lögreglustjorinn í Reykjavík	930.275	916.083	14.192	1,5
06 512	Fangelsið Litla-Hrauni	126.035	116.201	9.834	8,5
06 290	Dómsmál, ýmis kostnaður	21.902	14.892	7.010	47,1
07 954	Vinnueftirlit ríkisins	134.166	122.428	11.738	9,6
08 204	Lífeyristryggingar	16.356.000	16.275.000	81.000	0,5
08 206	Sjúkratryggingar	10.114.000	10.059.902	54.098	0,5
08 510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	296.120	283.128	12.992	4,6
08 371	Ríkisspítalar	6.707.828	6.695.304	12.524	0,2
08 301	Landlæknir	58.499	52.630	5.869	11,2
08 324	Heyrnar- og talmeinstöð	80.663	75.249	5.414	7,2
08 584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	57.434	52.258	5.176	9,9
09 202	Skattstofan í Reykjavík	187.032	181.834	5.198	2,9

11 203	Rannsóknastofnun byggingariðn.	56.769	50.275	6.494	12,9
11 298	Kostnaður v/samninga við ÍSAL	6.225	0	6.225	-
13 101	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	129.413	123.378	6.035	4,9
14 101	Umhverfisiráðuneyti, aðalskrifst.	83.131	76.708	6.423	8,4

Viðauki 4

Stofnanir sem voru 5 milljónum króna eða meira undir fjárheimild árið 1994

<i>Í þús. kr.</i>		<i>Greitt</i>	<i>Fjár-heimild</i>	<i>Frávik</i>	<i>%</i>
00 620	Ríkisendurskoðun	147.646	161.752	-14.106	-8,7
00 201	Alþingi	707.110	715.561	-8.451	-1,2
01 221	Byggðastofnun	252.000	555.000	-303.000	-54,6
01 101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	77.082	82.672	-5.590	-6,8
02 318	Alm. framh.skólar, viðhald og stofnk.	647.035	740.972	-93.937	-12,7
02 969	Ýmis stofnkostn. og viðhald skóla	0	71.120	-71.120	-
02 978	Listasjóðir	92.553	137.442	-44.889	-32,7
02 319	Framhaldsskólar, almennt	109.647	151.408	-41.761	-27,6
02 720	Grunnskólar, almennt	83.440	106.862	-23.422	-21,9
02 750	Skólar fyrir fatlaða	90.973	104.117	-13.144	-12,6
02 101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	241.970	253.885	-11.915	-4,7
02 902	Þjóðminjasafn Íslands	186.396	196.665	-10.269	-5,2
02 211	Tækniskóli Íslands	174.868	184.844	-9.976	-5,4
02 301	Menntaskólinn í Reykjavík	145.334	154.395	-9.061	-5,9
02 997	Uppgjör við sveitarfélög	362.715	369.666	-6.951	-1,9
02 440	Fullorðinsfræðsla	18.236	24.863	-6.627	-26,7
02 353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	128.520	134.266	-5.746	-4,3
02 524	Þroskaþjálfaskóli Íslands	24.815	30.038	-5.223	-17,4
03 391	Þróunarmál og alþjóðal. hjálparstarfs.	86.055	139.126	-53.071	-38,1
03 401	Alþjóðastofnanir	316.330	366.918	-50.588	-13,8
03 399	Ýmis utanríkismál	54.058	69.982	-15.924	-22,8
03 101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	363.427	372.533	-9.106	-2,4
04 851	Greiðslur vegna riðuveiki	59.262	87.200	-27.938	-32,0
04 805	Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	2.662.628	2.679.051	-16.423	-0,6
04 190	Ýmis verkefni	30.795	37.089	-6.294	-17,0
04 233	Yfirdýralæknir	109.442	114.579	-5.137	-4,5
05 190	Ýmis verkefni	93.160	119.340	-26.180	-21,9
05 201	Fiskifélag Íslands	5.731	19.231	-13.500	-70,2
05 204	Fiskistofa	151.337	158.494	-7.157	-4,5
06 291	Húsnæði og búnaður dómstóla	73.881	237.751	-163.870	-68,9
06 395	Landhelgisgæsla Íslands	1.110.839	1.178.488	-67.649	-5,7
06 591	Fangelsisbyggingar	112.213	138.614	-26.401	-19,0
06 390	Ýmis löggæslukostnaður	39.302	56.342	-17.040	-30,2

06 491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	138.424	151.949	-13.525	-8,9
06 490	Ýmis rekstrarkostnaður sýslum.emb.	98.894	111.941	-13.047	-11,7
06 790	Kirkjumál, ýmis kostnaður	25.889	35.738	-9.849	-27,6
06 436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	203.833	212.028	-8.195	-3,9
06 190	Ýmis verkefni	14.882	20.646	-5.764	-27,9
06 201	Hæstiréttur	26.384	32.107	-5.723	-17,8
06 102	Stjórnartíðindi	6.138	11.177	-5.039	-45,1
07 984	Atvinnuleysistryggingasjóður	2.820.736	3.067.227	-246.491	-8,0
07 982	Ábyrgðasjóður launa	238.625	399.096	-160.471	-40,2
07 795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	323.604	399.385	-75.781	-19,0
07 951	Brunamálastofnun ríkisins	-36.818	-13.914	-22.904	164,6
07 700	Málefni fatlaðra	65.618	86.736	-21.118	-24,3
07 400	Málefni barna og ungmenna	10.254	29.065	-18.811	-64,7
07 999	Félagsmál, ýmis starfsemi	198.549	215.854	-17.305	-8,0
07 402	Unglingaheimili ríkisins	142.004	158.160	-16.156	-10,2
07 101	Félagsmráðuneyti, aðalskrifstofa	95.735	110.753	-15.018	-13,6
07 410	Heimili fyrir börn og unginga	35.129	49.618	-14.489	-29,2
07 972	Bjargráðasjóður	0	12.000	-12.000	-
07 981	Vinumál	66.501	75.945	-9.444	-12,4
07 705	Málefni fatlaðra, Nordurl. vestra	63.509	68.884	-5.375	-7,8
08 381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	311.642	341.610	-29.968	-8,8
08 500	Heilsugæslustöðvar, almennt	236.147	259.203	-23.056	-8,9
08 370	Sjúkrahús með fjölbætta starfsemi	15.705	35.185	-19.480	-55,4
08 399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	241.297	258.992	-17.695	-6,8
08 950	Rekstrarhagræðing	0	14.800	-14.800	-
08 340	Malefni fatlaðra	69.800	79.182	-9.382	-11,8
08 201	Tryggingastofnun ríkisins	379.744	388.196	-8.452	-2,2
08 396	Lyfjanefnd	-8.462	-830	-7.632	919,5
09 801	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	10.704.497	11.150.000	-445.503	-4,0
09 971	Ríkisábyrgðir og tjónabætur	65.492	305.000	-239.508	-78,5
09 481	Útgjöld samkvæmt heimildaákvæðum	15.895	126.377	-110.482	-87,4
09 381	Uppbætur á lífeyri	791.459	890.061	-98.602	-11,1
09 981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	498.529	589.432	-90.903	-15,4
09 995	Skýrsluvélakostnaður	418.689	476.813	-58.124	-12,2
09 999	Ýmis verkefni	473.107	517.130	-44.023	-8,5
09 212	Skattamál, ýmis útgjöld	23.116	63.214	-40.098	-63,4
09 990	Ríkisstjórnarákvarðanir	0	25.973	-25.973	-
09 262	Tollstjórinn í Reykjavík	241.126	253.962	-12.836	-5,1
09 250	Innheimtukostnaður	150.220	161.181	-10.961	-6,8
09 201	Ríkisskattstjóri	301.176	311.078	-9.902	-3,2
09 101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	260.511	270.387	-9.876	-3,7
09 261	Ríkistollstjóri	102.711	109.568	-6.857	-6,3
09 105	Ríkislögmaður	17.686	24.057	-6.371	-26,5
10 190	Ýmis verkefni	154.417	171.947	-17.530	-10,2
10 471	Flugmálastjórn	607.124	614.720	-7.596	-1,2
10 211	Vegagerð ríkisins	7.300.795	7.305.938	-5.143	-0,1

11 299	Iðja og iðnaður, framlög	131.957	155.209	-23.252	-15,0
11 302	Rafmagnseftirlit ríkisins	47.510	60.897	-13.387	-22,0
13 102	Þjóðskráin	26.370	33.216	-6.846	-20,6
14 301	Skipulagsstjóri ríkisins	8.353	31.456	-23.103	-73,4